



## **Skotárásir í skólum**

Er hert skotvopnalöggjöf lausnin?

Ásbjörn Tryggvi Sveinbjörnsson

**Lokaverkefni til BA-gráðu í félags –og fjölmiðlafræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Skotárásir í skólum**  
***Er hert skotvopnalöggjöf lausnin?***

Ásbjörn Tryggvi Sveinbjörnsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í félags –og fjölmiðlafræði

Leiðbeinandi: Dr. Helgi Gunnlaugsson

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félags –og fjölmiðlafræði og óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Ásbjörn Tryggvi Sveinbjörnsson 2013

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland 2013

## Útdráttur

Á síðustu árum hafa reglulega birst fréttir af skotárásum í bandarískum skólum þar sem þungvopnaðir einstaklingar ganga berserksgang og skjóta samnemendur sína og kennara. Frjálsslynd skotvopnalöggjöf Bandaríkjanna er alla jafna sögð útskýra skotárásirnar. Árásirnar hafa þó ekki einskorðast við Bandaríkin. Viðlíka árásir hafa átt sér stað í Kanada og í Evrópu, en þar eru tilfelli þó færri. Í þessari ritgerð er leitast við að útskýra mikinn mun á tíðni skotárása í Bandaríkjunum og annars staðar. Einnig er skoðað hvort skotárásir séu afsprengi frjálsslyndra skotvopnalaga eða annarra þátta í samfélaginu. Fjallað er um bandaríska skotvopnamenningu og sögu skotvopna. Bandarísk skotvopnalöggjöf er skoðuð ásamt breytingum sem á henni hafa orðið. Til samanburðar eru skotvopnalög í Kanada, Bretlandi og á Íslandi einnig skoðuð. Skotárásir eru skilgreindar og afdrifaríkustu árásir síðustu ára eru skoðaðar. Sjónarmið fjögurra kenninga leiddu í ljós félags- og persónulega þætti hjá árásarmönnum sem gætu útskýrt skotárásir. Þessir þættir eru skoðaðir ásamt áhrifum frá poppmenningu en skotárásarmenn virðast margir hverjir vera undir áhrifum bíómynda og tónlistar. Umfjöllun fjölmiðla um skotárásir hafa leitt af sér eftirhermuáhrif en í ljós kom mikill samhljómur á milli nokkurra skotárása. Aðgengi að skotvopnum er einnig veigamikill þáttur þegar kemur að skotárásum. Flestir árásarmannana áttu í litlum vandræðum með að útvega sér skotvopn. Niðurstöður benda til þess að skotvopnamenning útskýri að stórum hluta háa tíðni skotárása í Bandaríkjunum, en aðrir þættir virðast einnig hafa áhrif. Ennfremur sýna niðurstöður að þær breytingar sem gerðar hafa verið á skotvopnalögum í kjölfar skotárása eru gerðar á röngum forsendum.

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>Þakkarorð</b> .....	<b>5</b>
<b>1. Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>2. Bandarísk skotvopnamenning</b> .....	<b>9</b>
<b>3. Skotvopnalöggjöf</b> .....	<b>10</b>
3.1 Bandaríkin .....	10
3.2 Kanada .....	12
3.3 Bretland .....	13
3.4 Ísland .....	13
<b>4. Skotárásir</b> .....	<b>15</b>
4.1 Skilgreining á skotárásum .....	15
4.2 Skotárásir í sögulegu ljósi .....	15
4.3 Dæmi um skotárásir .....	16
<b>5. Fræðileg nálgun</b> .....	<b>19</b>
5.1 Félagslegt taumhald .....	19
5.2 Einkennakenningar .....	20
5.3 Félagsnámskenningin .....	21
5.4 Þolendakenningar .....	22
<b>6. Áhrifa- og áhættuþættir</b> .....	<b>24</b>
6.1 Félags- og persónulegir þættir .....	24
6.2 Áhrif poppmenningar .....	25
6.3 Áhrif fjölmiðla og eftirhermur .....	27
<b>7. Aðgengi að skotvopnum</b> .....	<b>29</b>
<b>8. Ólík sjónarmið um skotvopnalöggjöf</b> .....	<b>32</b>
8.1 Talsmenn hertra skotvopnalaga .....	32
8.2 Talsmenn frjálsslyndra skotvopnalaga .....	33
<b>9. Samantekt og lokaorð</b> .....	<b>35</b>
<b>10. Heimildaskrá</b> .....	<b>39</b>

## **Þakkarorð**

Ritgerð þessi er unnin til BA-gráðu í félags –og fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinanda mínum, Helga Gunnlaugssyni, kann ég hinar allra bestu þakkir fyrir dýrmætar ábendingar og faglega leiðsögn. Þá vil ég þakka systur minni, Sigrúnu Björk Sveinbjörnsdóttur, fyrir yfirlestur ritgerðarinnar og ýmsar góðar ábendingar. Síðast en ekki síst þakka ég fjölskyldu minni fyrir ómetanlegan stuðning, hvatningu og aðstoð sem þau hafa veitt mér frá því ég hóf námið.

Ásbjörn Tryggvi Sveinbjörnsson

## 1. Inngangur

Á síðustu árum hafa reglulega birst fréttir af skotárásum í Bandaríkjunum. Ekki síst í skólum þar sem einstaklingar ganga þungt vopnaðir inn í skólastofur eða heimavistir og myrða samnemendur sína og kennara. Árásir sem þessar hafa skiljanlega fengið mikla athygli fjölmiðla. Slíkir atburðir snerta ekki bara fólkið sem tengist árásunum beint, heldur samfélagið allt. Í námi mínu í félagsfræði við Háskóla Íslands kom að því að velja viðfangsefni til lokaverkefnis. Afbrotufræðin hefur lengi verið mér hugleikin og var því næsta víst að efnið snéri í þá áttina frekar en aðra. Það var svo eftir að hafa fylgst með fréttum 14. desember 2012 sem viðfangsefnið var ákveðið. Þennan dag gekk ungur drengur frá Newtown í Connecticut í Bandaríkjunum, Adam Lanza, inn í Sandy Hook grunnskólann og skaut tuttugu börn og sex fullorðna til bana. Að lokum framdi hann svo sjálfsmorð. Fyrr um morguninn hafði hann myrt móður sína á heimili þeirra. (CBC News, 2012). Í kjölfar slíkra atburða kvikna hjá fólki ýmsar spurningar. Af hverju gengur einstaklingur berserksgang um skóla og skýtur á allt sem hreyfist? Hvernig geta svona atburðir átt sér stað í vestrænu nútímasamfélagi eins og Bandaríkjunum?

Atburðurinn hreyfði sannarlega við mér enda loguðu fjölmiðlar um allan heim og netverjar létu í sér heyra á samskiptasíðum eins og *Twitter* og *Facebook*. Á fréttavef útvarpsstöðvarinnar WNYC (New York public radio) fékk almenningur tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri í kjölfar árásarinnar. Fólk átti greinilega erfitt með að gera sér í hugarlund hvernig og hvers vegna árásin hefði átt sér stað. Flestir kenndu frjálslýndri skotvopnalöggjöf um ásamt óheyrilegu magni skotvopna í Bandaríkjunum. Ofbeldisfullt efni í fjölmiðlum virtist einnig vera vinsæl útskýring. Aðrir bentu á að nauðsynlegt væri að taka geðheilsumál landsins fastari tökum og halda skotvopnum utan seilingar geðsjúkra (Wnyc, 2012).

Í raun virðist gagnrýni á skotvopnaeign Bandaríkjanna réttmæt í fljótu bragði. Samkvæmt könnun frá árinu 2007 kom í ljós að tæplega 90 byssur eru til staðar á hverja 100 íbúa í Bandaríkjunum, sem setur þá í fyrsta sæti á lista yfir skotvopnaeign. Í þriðja sæti er Sviss með tæplega 46 byssur og þar á eftir kemur Finnland með ríflega 45 byssur á hverja 100 íbúa. Til samanburðar eru Kanada, Þýskaland, Noregur, Svíþjóð og Ísland með á bilinu 30 til 31 byssu á hverja 100 íbúa. Talsvert neðar á listanum eru svo Bretland og Wales með rétt rúmlega 6 byssur á hverja 100 íbúa (Small arms survey, 2007). Gróflega er hægt að álykta að tæplega helmingur allra heimila í Bandaríkjunum eigi skotvopn af einhverju tagi. Á Íslandi eru byssur til staðar á tæpum fjórðungi heimila (Zimring, 2004; MMR, 2013).

Skotárásir í skólum hafa þó ekki einskorðast við Bandaríkin. Tvær skotárásir áttu sér stað í Finnlandi með stuttu millibili árin 2007 og 2008. Pekka-Eric Auvinen, 18 ára drengur, réðst inn í finnskan framhaldsskóla vopnaður skammbyssu og skaut átta manns til bana áður en hann tók eigið líf. Ári seinna réðst 22 ára gamall nemi, Matti Saari, inn í háskóla í heimabæ sínum og skaut tíu manns til bana áður en hann framdi sjálfsvíg (Kiilakoski og Oksanen, 2011a). Áþekkar árásir hafa einnig átt sér stað í Þýskalandi. Til dæmis má nefna Tim Kretschmer sem réðst inn í skóla sem hann hafði nýlega útskrifast úr og skaut fimmtán manns til bana áður en hann framdi sjálfsvíg (Langman, 2012a; BBC News, 2009). Þá hafa skotárásir í skólum átt sér stað í löndum eins og Frakklandi, Ástralíu, Argentínu, Brasilíu og Kanada svo dæmi séu tekin. Aukinheldur má nefna skotárásir sem hafa átt sér stað utan veggja skóla. Dæmi um það er harmleikurinn í Útey í Noregi árið 2011 og skotárásin á bíógesti í Coloradofylki í Bandaríkjunum 2012 þar sem James Holmes skaut tólf manns til bana (Frosch og Johnson, 2012).

Þrátt fyrir að skotárásir eigi sér stað víðsvegar um heiminn er staðreyndin sú að tíðni þeirra í skólum er hvergi eins há og í Bandaríkjunum. Hawdon, Oksanen, Rasanen og Ryan (2012) bentu á að frá síðustu aldamótum hafa ríflega 50 skotárásir átt sér stað í Bandaríkjunum. Ennfremur má sjá á korti yfir skotárásir á heimsvísu að frá árinu 1996 til 2012 áttu sér stað 60 skotárásir í bandarískum skólum. Á sama tímabili vorum um 20 viðlíka árásir annars staðar í heiminum (Mibazaar, 2012). Þess ber þó að geta að ríflega 300 milljónir manna búa í Bandaríkjunum en í Þýskalandi, næst fjölmennasta landi Evrópu, búa um 82 milljónir manna. Að einhverju leyti gæti hár fólksfjöldi Bandaríkjanna útskýrt háa tíðni skotárása, en þegar tekið er mið af íbúafjölda í allri Evrópu verður munurinn aftur á móti sláandi.

Í ljósi þessa verður markmið ritgerðarinnar að útskýra mikinn mun á tíðni skotárása í Bandaríkjunum og annars staðar. Eru tíðar skotárásir í Bandaríkjunum afsprengi frjálslyndrar skotvopnalöggjafar eða hangir eitthvað annað á spýtunni? Hafa menning, fjölmiðlar eða sálfélagslegir þættir áhrif? Hverjir eru þessir einstaklingar sem ráðast á skólana? Gæti hertari skotvopnalöggjöf komið í veg fyrir skotárásir í framtíðinni? Hvað með Ísland? Eiga skólar á Íslandi á hættu að lenda í sambærilegum skotárásum? Þessum spurningum verður svarað í eftirfarandi köflum.

Ritgerðin er hefðbundin heimildaritgerð þar sem flestar heimildir eru fengnar úr tímaritsgreinum sem birst hafa á internetinu. Til að nálgast slíkar greinar voru notuð fræðileg gagnasöfn eins og *ProQuest*, *ScienceDirect* og *Sagepub*. Fréttasíður voru gagnlegar þegar leita þurfti að upplýsingum sem snéru að skotárásunum sjálfum. Bókin *Criminology* eftir



Larry J. Siegel reyndist einnig dýrmætur lykill að fræðilegri umfjöllun ritgerðarinnar svo eitthvað sé nefnt. Að auki voru notaðar ýmsar heimasíður og fréttasíður til þess að nálgast efni um skotvopnalöggjöfina og breytingar sem á henni hafa orðið, jafnt í Bandaríkjunum sem og öðrum löndum.

Til þess að svara spurningum sem lagðar hafa verið fram er ritgerðin byggð upp á eftirfarandi hátt. Í kafla 2 verður bandarísk skotvopnamenning kynnt. Fjallað verður um skotvopn í sögulegu ljósi og einnig skoðað hvaða áhrif byssan hefur haft á Bandaríkin. Í 3. kafla verður skotvopnalöggjöf Bandaríkjanna skoðuð og þær breytingar sem á henni hafa orðið í kjölfar ýmissa atburða. Þá verða skotvopnalöggjafir í Kanada, Bretlandi og Íslands kynntar til samanburðar. Í kafla 4 verða skotárásir í skólum skilgreindar og fjallað um einkenni þeirra. Þá verða skoðaðar nokkrar afdrifaríkustu skotárásir Bandaríkjanna, Kanada og Evrópu frá árinu 1996. Í 5. kafla verður reynt að útskýra skotárásir út frá sjónarmiði ýmissa félagsfræðilegra kenninga. Til að byrja með verður kenningin um félagslegt taumhald (e. Social control theory) skoðuð en samkvæmt henni eru það félagsleg tengsl (e. social bond) sem halda einstaklingum frá glæpum. Næst verða einkennakenningar (e. Trait theories) skoðaðar. Samkvæmt þeim bera skotárásarmenn með sér andleg og/eða líkamleg einkenni. Þá verður félagsnámskenningin (e. Social learning theory) skoðuð en hún útskýrir skotárásir þannig að árásarmenn fái hugmyndir sínar úr samfélaginu allt í kringum sig. Að lokum verða útskýringar Þolendakenningarinnar (e. Victimization theory) skoðaðar en samkvæmt þeim geta þolendur haft áhrif á eigin örlög með ögrun gagnvart gerandanum. Í kafla 6 verða skoðaðir þættir sem gætu útskýrt skotárásir. Til að byrja með verða sálfélagslegir (e. psychosocial) þættir skoðaðir. Því næst verða áhrif menningar skoðuð og í lok kaflans verður umfjöllun um áhrif fjölmiðla og eftirhermuáhrif (e. Copycat effect). Í kafla 7 verður fjallað um aðgengi að skotvopnum og hlutverk þess þegar kemur að skotárásum athugað. Í 8. kafla verður umræðan um skotvopnalöggjöfina kynnt. Fjallað verður um sjónarmið þeirra sem eru á móti hertari lögum og þeirra sem eru hlynttir þeim. Í lokakafla verður efnið dregið saman og niðurstöður kynntar.

## 2. Bandarísk skotvopnamening

Skotvopn hafa sett sterkan svip á bandaríska sögu. Á nýlendutímabilinu vorðu landnemar sig með púðurrifflum (e. muskets) gegn sjóræningjum og indjáním. Ásamt því voru þeir notaðir til veiða og sem vörn gegn rándýrum. Í Frelsisstríðinu (e. Revolutionary War) börðust Bandaríkjamenn fyrir frelsi sínu gegn kúgun Bretlands, en án skotvopna hefðu Bandaríkin líkast til beðið ósigurs (Lew og Kleiner, 2001). Höfundar bandarísku stjórnarskrárinnar sáu hversu mikilvægt var að almenningur gæti varið sig með skotvopnum. Þeir rituðu því viðauka í stjórnarskrána (e. Second Amendment). Þar segir „*A well-regulated Militia, being necessary to the security of a free state, the right of the People to keep and bear Arms, shall not be infringed.*“ Það er að segja, allir bandarískir borgara eiga rétt á að eiga og bera skotvopn (Lew og Kleiner, 2001).

Hugtakið byssumening (e. gun culture) kom fyrst fram um miðja 20. öldina og vísar í það hversu stór hluti skotvopn eru af bandarískri menningu. Fyrir Þrælastríðið (e. Civil War) var framleitt gríðarlegt magn af skotvopnum í Bandaríkjunum. Eftir að átökum linnti voru byssurnar að mestu seldar almenningi á almennum markaði. Veiðar einkenndu skotvopnaeign á þessum tíma með tilvísun í enska karlmenskumeningu. Í kjölfarið urðu svo skambyssur vinsæl skotvopn í lok 19. aldar og ruddu leið sína að því að verða alhliðvopn sem hægt væri að nota bæði til veiða og til sjálfsvarnar. Hugmyndin varð sú að allir ættu að eiga slíkt vopn. Í kjölfarið markaði skambyssan djúp spor í bandaríska menningu og varð eins konar bandarískt tákn fyrir frelsi (Cukier og Sheptycki, 2012).

Margir hafa einnig bent á að kúrekar hafi kveikt undir byssumeningunni í Bandaríkjunum. Ekki endilega í sögulegu ljósi heldur hvernig þeir birtust á hvíta tjaldinu þar sem byssan var órjúfanlegur hluti af þeim. Kvikmyndir um „villta vestrið“ voru mjög vinsælar í árdaga kvikmyndanna. Persónur eins og John Wayne og seinna Clint Eastwood urðu eins konar hetjur vestursins. Þeir voru sjálfstæðir og sýndu óvinum enga vægð með byssum sínum (Utter og True, 2000).

Ef litið er á atburði síðustu aldar má sjá að byssur hafa haft mikil áhrif á Bandaríkin. Til dæmis má nefna morðtilræði á John F. Kennedy, fyrrverandi Bandaríkjaforseta og Martin Luther King, ötuls baráttumanns þeldökkra. Þrátt fyrir að byssur séu enn í dag notaðar til veiða, hefur margt breyst. Allt frá Iðnbyltingunni hefur fólk verið að flytja frá sveitum til borga og í kjölfarið breytist notkunargildi skotvopna. Í dag eru veiðar að mestu stundaðar sem áhugamál en borgarbúar nota byssur nánast eingöngu til sjálfsvarnar (Lew og Klein, 2001).

### 3. Skotvopnalöggjöf

Þrátt fyrir að skotvopn eigi sér djúpar rætur í bandarískri menningu, eru ekki allir sammála um það hvort áhrif þeirra eru jákvæð eða neikvæð. Dan Kahan (2003) hefur meðal annars bent á að menning innan ólíkra hópa hafi áhrif á það hvernig fólk lítur á skotvopn og skotvopnalöggjöf. Í kjölfar skotárása virðast augu fólks beinast að skotvopnalöggjöfinni. Til að koma í veg fyrir skotárásir þurfi að gera breytingar á henni. Gary Kleck (2009) skoðaði fréttáflutning fyrstu fjóra mánuðina eftir skotárásina í Columbine framhaldsskólanum í Bandaríkjunum, þar sem Eric Harris og Dylan Klebold skutu þrettán manns til bana. Í ljós kom að næstum helmingur fréttu bentu annað hvort á frjálsslynda skotvopnalöggjöf eða fjölda skotvopna í landinu. Í þessum kafla verður bandarísk skotvopnalöggjöf skoðuð og þær breytingar sem á henni hafa verið gerðar. Til samanburðar verður einnig litið yfir kanadíska, breska og íslenska löggjöf.

#### 3.1 Bandaríkin

Lyndon B. Johnson þáverandi Bandaríkjaforseti, skrifaði undir byssulög 22. október árið 1968. Þessi lagasetning hefur síðan þá verið nefnd *byssulögin 1968* (e. the Gun control act 1968) og var breyting á eldri skotvopnalögum frá árinu 1934 (e. National firearms act of 1934). Helstu markmið laganna voru þrennskonar. Í fyrsta lagi áttu lögin að koma í veg fyrir umferð skotvopna og skotfæra milli ríkja. Í öðru lagi neituðu þau skilgreindum hópi fólks aðgangi að skotvopnum. Þar á meðal voru börn, dæmdir fangar og fólk sem hafði verið greint með andlega kvilla eða hafði dvalið á geðsjúkrahúsum. Í þriðja lagi kom lagasetningin í veg fyrir allan innflutning á afgangshervopnum og öðrum byssum nema staðfest hefði verið af fjármálaaráðherra (e. Secretary of treasury) að byssan væri sérstaklega hentug fyrir skotíþróttir (Zimring, 1975).

Sölubann á skotvopnum til barna var stutt af reglugerð sem segir að söluaðilinn verði að staðfesta aldur kaupandans (Zimring, 1975). Í öllum ríkjum nema fjórum (Hawaii, Illinois, Massachusetts og New Jersey) þarf kaupandi ekki að sýna fram á neitt skotvopnaleyfi til þess að kaupa haglabyssu eða riffil frá skráðum söluaðila (Smartgunlaws, 2013). Heldur þarf hann einungis að hafa náð 18 ára aldri. Samkvæmt alríkislögum má einstaklingur sem náð hefur 18 ára aldri eiga, kaupa og þiggja skammbyssu sem gjöf svo lengi sem viðskiptin eiga sér stað innan þess ríkis sem einstaklingurinn á lögheimili (Gunpolicy, 2013a; Armstrong, 2010).

Sölubann skotvopna til dæmdra afbrotamanna var hins vegar ekki stutt af reglugerð. Seljandinn þurfti því beinlínis að treysta því að kaupandinn væri ekki að ljúga. Ef aftur á móti

kæmi upp mál þar sem kaupandi sviki út skotvopn, yrði kaupandinn einn gerður ábyrgur fyrir sölunni en seljandinn yrði hins vegar ábyrgðarlaus (Zimring, 1975).

Til að koma í veg fyrir að byssur komist í hendur afbrotamanna skrifaði Bill Clinton, fyrrum forseti Bandaríkjanna, undir *Brady lögin* (e. Brady handgun violence protection act) 30. nóvember 1993. Forsaga lagasetningarinn nær hins vegar aftur til ársins 1981. Jim Brady, sem þá var fjölmiðlaritari Ronald Reagan forseta Bandaríkjanna, var skotinn í höfuðið og lamaðist til frambúðar. Atburðurinn átti sér stað þegar banatilræði gegn Reagan misheppnaðist. Árásarmaðurinn hafði þá notað falsað skilríki til þess að kaupa byssuna sem hann notaði í árásinni. Í þessum nýju lögum eru ákvæði um að skráðir söluaðilar skotvopna skuli athuga bakgrunn viðkomandi kaupanda áður en hann fær skotvopnið (Bradycampaign, 2013). Þetta kerfi (e. national instant criminal background check system) virkar þannig að áður en salan gengur í gegn er bakgrunnur viðkomandi skoðaður. Sölumaðurinn sendir upplýsingar til þeirra stofnana sem sjá um bakgrunnseftirlitið. Stofnunin sem tekur við beiðninni fer yfir gögn kaupandans og gefur annað hvort leyfi fyrir – eða hafnar sölunni. Þær stofnanir sem sjá um eftirlitið eru alríkislögreglan, lögregla viðkomandi ríkis eða önnur stofnun sem gert hefur verið að sjá um eftirlitið. (Sumner, Layde og Guse, 2008).

Önnur lagabreyting var gerð árið 1994 þegar svokallaðar árásarbyssur (e. assault weapon) voru bannaðar. Lögin voru sett til skamms tíma, eða frá árinu 1994 til ársins 2004. Skilgreiningin á árásarbyssu er byssa sem getur skotið mörgum skotum án þess að hlaðið sé á milli. Slík skotvopn eru kölluð hálf-sjálfvirkar byssur. Einnig nær skilgreiningin yfir byssur sem hafa þann eiginleika að geta skotið mörgum skotum í einu án þess að sleppa byssugikknum, í daglegu tali er talað um þessa tegund skotvopna sem sjálfvirkar byssur eða vélbyssur (Chu, 2013). Með tilkomu þessara laga var orðið ólöglegt að framleiða, framselja eða eiga vopn af þessu tagi eða skot sem tilheyra slíkum vopnum. Þó var gefin undanþága fyrir þá sem höfðu keypt byssu áður en lögin tóku gildi. Þeim var ekki gert að skila inn byssunni. Ennfremur var gefin undanþága fyrir skotvopn sem voru talin hentug til skotkeppni, veiða eða annarrar íþróttaiðkunar (Chu, 2013).

Skömmu eftir skotárásina í Connecticut í Bandaríkjunum, þar sem Adam Lanza skaut 26 manns til bana, kom fram ný tillaga frá Barack Obama, forseta Bandaríkjanna. Hann gerði áætlun um að efla nústandandi skotvopnalög og bakgrunnseftirlit. Markmið var að leiðin að skotvopnum yrði torfærari. Hann lagði þinginu til að endurbyggja og styrkja árásarvopnabannið sem runnið hafði út árið 2004. Þá vildi hann banna framleiðslu á skotvopnahylkjum (e. magasin) sem innihalda fleiri en tíu skot. Ef lagasetningin tæki gildi kæmi hún í veg fyrir að hægt sé að forðast bakgrunnseftirlit með því að kaupa skotvopn í

gegnum óskráða söluaðila (Baker og Shear, 2013). Í apríl var tillagan hins vegar felld af öldungadeild Bandaríkjaþings með 54 atkvæðum gegn 46 (Rúv, 2013a).

Þrjú ríki, Colorado, New York og Connecticut, hafa þó staðfest hertari skotvopnalöggjöf í kjölfar árásarinnar. Þessi nýja löggjöf kveður á um að aldur til skotvopnakaupa hækki úr 18 árum í 21 ár og bakgrunnseftirlit er aukið (Rúv, 2013b). Á meðal þeirra ákvæða sem taka gildi í Colorado-fylki er í fyrsta lagi nýtt árásarvopnabann. Tæplega 200 tegundir árásarvopna verða bannaðar en í kjölfar skotarásarinnar jókst salan gífurlega á AR-15 rifflum, rifflinum sem Adam Lanza notaði. Kaupendur þurfa þó ekki að gefa upp vopnin sín heldur er þeim ekki heimilt að nota þau hvar sem er. Í öðru lagi verða skotvopnahlki sem innihalda fleiri en 10 skot bönnuð og í þriðja lagi munu kaupendur þurfa að ganga í gegnum viðfangsmeira bakgrunnseftirlit en áður (O'Leary, 2013).

### 3.2 Kanada

Í kjölfar tveggja skotarása í skólum árið 1974 var skotvopnalöggjöfinni í Kanada breytt í það horf sem hún er í dag. Til að byrja með var lagt fram lagaákvæði um að kaupendur skotvopna þyrftu samþykki lögreglu til þess að salan gæti gengið í gegn. Þessu lagaákvæði var þó harðlega mótmælt og því var hætt við það. Eins og staðan er í dag þarf kaupandi að sýna skotvopnaskírteini áður en hann getur fengið byssuna. Til þess að öðlast slíkt skírteini þarf umsækjandi að sýna skilríki, heimilisfang síðustu fimm árin og ítarlegar upplýsingar um bakgrunn sinn (Kopel, 1991). Einstaklingar verða að hafa náð átján ára aldri til þess að fá skotvopnaskírteini sem heimilar kaup á skotvopnum. Ungmenn á aldrinum tólf til sautján ára geta fengið sérstök skotvopnaskírteini sem heimila þeim að nota vopn til íþróttaiðkunar, en einungis ef forráðamaður með skírteini tekur ábyrgð á þeim (RCMP, 2013).

Sækja þarf um sérstakt leyfi til þess að kaupa skammbyssu í Kanada. Til þess að fá þetta leyfi þarf umsækjandi að sanna að byssan sem hann hyggst kaupa verði notuð (1) í þeim tilgangi að verja sig fyrir dýrum, (2) við lögreglustörf eða önnur störf þar sem skylda er að nota byssu, (3) til íþróttaiðkunar eða (4) sem safngripur. Þegar kaupandi hefur svo fengið þetta leyfi þarf hann iðulega að byrja á því að ganga í skotklúbb. Stjórnendur klúbbsins skrifa svo meðmælabréf til lögreglunnar sem segir til um hvort kaupandanum sé treystandi til þess að eiga skammbyssu. Eftir að byssan er keypt þarf kaupandinn að fara með söluvottorð á næstu lögreglustöð þar sem bakgrunnur viðkomandi er skoðaður (Kopel, 1991).

Í Kanada telur fólk sig almennt ekki þurfa skotvopn til þess að geta varið sig enda gera lögin ekki ráð fyrir því (Cukier og Sheptycki, 2012). Í Kanada eru ríflega 30 byssur á hverja

100 íbúa (Small Arms Survey, 2007) og eru flestar byssurnar annað hvort haglabyssur eða riffilar. Í heildina eru tæplega 400 þúsund skammbyssur til í Kanada og ólíkt því sem viðgengst í flestum ríkjum Bandaríkjanna, mega einstaklingar ekki ganga með þær dags daglega nema starf þeirra krefjist þess. Þess má einnig geta að morðtíðni í Kanada og Bandaríkjunum án skotvopna er mjög svipuð á hvern íbúa. Hins vegar er morðtíðni þar sem skotvopn eru notuð 6 sinnum lægri í Kanada og morð sem framin eru með skammbyssu eru 7 sinnum færri á hvern íbúa (Cukier og Sheptycki, 2012). Ekki er leyfilegt að eiga sjálfvirk skotvopn nema þau hafi verið skráð fyrir árið 1978. Til þess að eiga hálf-sjálfvirka riffila þarf viðkomandi að vera með sérstakt skírteini sem heimilar honum það.

### 3.3 Bretland

Líkt og í Kanada er það ekki réttur fólks að eiga eða bera skotvopn. Í raun er bannað að ganga með skotvopn á almannafæri (Gunpolicy, 2013b). Annað sem Bretland á sameiginlegt með Kanada er að skotvopnalög hafa verið hert í kjölfar skotárása. Árið 1987 skaut Michael Ryan sextán manns til bana með skammbyssu og hálf-sjálfvirkum riffli áður en hann tók eigið líf. Í kjölfarið voru allar gerðir af hálf-sjálfvirkum skotvopnum bannaðar með lögum sem kennd eru við árið 1988. Leyfi fyrir haglabyssum sem bera fleiri en tvö skot var takmarkað á þann hátt að til þess að eignast slíkt vopn þarf kaupandi samskonar skírteini og hann þarf til þess að eignast skammbyssu eða riffil (Olsen og Kopel, 1999).

Til þess að öðlast skotvopnaskírteini í Bretlandi þarf að sanna að tilgangurinn með byssukaupum séu veiðar, íþróttaiðkun eða að skotvopnið sé safngripur. Kaupandi þarf einnig að teljast traustsins verður þannig að almenningi stafi ekki hættu af honum (Olson og Kopel, 1999). Það var svo hálfu öðru ári eftir skotárásina í Skotlandi 1996 sem bresk lög voru hert. Thomas Hamilton, 43 ára, skaut sextán börn og einn kennara til bana í grunnskóla í bænum Dunblane. Ný lagasetning setti bann á allar skammbyssur og riffila, með fáum undantekningum, sem í gegnum tíðina höfðu verið notaðir til skotæfinga. Þetta bann varð til þess að skotvopnalöggjöf Bretlands er í dag ein sú óvægasta sem til er (Wilkinson, 2013).

### 3.4 Ísland

Í annari grein reglugerðar um skotvopn, skotfæri o.fl. nr. 787/1998 segir að veita megi skotvopnaleyfi til veiða, íþróttaiðkunar, starfa og til sýninga og söfnunar. Umsækjandi skuli gera grein fyrir því í hvaða skyni sótt sé um leyfi. Skilyrði fyrir veitingu skotvopnaleyfis eru að viðkomandi hafi náð 20 ára aldri og hafi ekki verið sviptur sjálfræði. Viðkomandi má ekki

hafa gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga, laga um ávana- og fíkniefni, vopnalaga eða laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Umsækjandi þarf að hafa kunnáttu til þess að fara með vopn, vera andlega heilbrigður og vera að öðru leyti hæfur til að fara með og eiga skotvopn.

Leyfð skotvopn eru flokkuð í fjóra flokka skv. 3. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri. Í A – flokk falla haglabyssur sem flokkast sem einhleypur, tvíhleypur, handhlaðnar „pumpur“ og rifflar cal.22 eða minni. Þær mega þó ekki vera sjálfvirkar eða hálf sjálfvirkar. Í B – flokk eru hálf sjálfvirkar haglabyssur og rifflar til og með cal.32. Til þess að geta keypt og notað skotvopn í B – flokk þarf viðkomandi að fá sérstakt leyfi og hafa verið með skotvopnaleyfi í a.m.k. eitt ár. Í C – flokk falla skotvopn sem sérstaklega eru ætluð til minnkaveiða eða meindýraeyðingar, til dæmis skammbyssur fyrir haglaskot. Leyfi fyrir slíku vopni fæst einungis með sérstöku leyfi og umsögn frá Umhverfisstofnun. Í D – flokk falla skammbyssur til íþróttaiðkunar. Leyfi fyrir þeim veitir ríkislögreglustjóri. Umsækjandi þarf að hafa haft skotvopnaleyfi í a.m.k. tvö ár og vera virkur meðlimur í viðurkenndu skotfélagi (Ívar Pálsson, 2013).

Þau skotvopn sem eru alfarið bönnuð á Íslandi eru sjálfvirkar eða hálf sjálfvirkar skammbyssur og rifflar. Sjálfvirkar og handhlaðnar fjölskota haglabyssur eru einnig bannaðar. Þá er óheimilt að flytja inn, framleiða eða eiga tegundir vopna eða hluta þeirra og skotfæri sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði (Ívar Pálson, 2013).

## 4. Skotárásir

Í eftirfarandi köflum verða tekin dæmi um skotárásir sem hafa átt sér stað frá árinu 1996. Ástæðan fyrir því að ekki verður farið lengra aftur í tíman er sú að á tíunda áratug 20. aldar virðist hafa orðið mikil aukning á skotárásum í skólum, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. (Rocque, 2012). Áður en dæmin verða tekin er rétt að byrja á því að skilgreina skotárásir í skólum. Þá verða skotárásir skoðaðar í sögulegu ljósi og einkenni þeirra athuguð.

### 4.1 skilgreining á skotárásum

Skotárásir hafa verið skilgreindar sem árásir þar sem ekkert sérstakt skotmark er til staðar, heldur eru fórnarlömbin valin nánast af handahófi. Árásarmaðurinn gæti þó verið með ákveðin fórnarlömb í huga áður en hann leggur til atlögu. Fórnarlömbin geta verið félagslega skilgreindur hópur eins og til dæmis hverfis-klíka eða stjórnmalahópur. Jafnvel einhver hópur sem skotárásarmaðurinn telur ógna sér á einhvern hátt. Í skotárásum verða samt fleiri fórnarlömb en lagt var upp með, enda ekki óalgengt að árásarmaðurinn viti ekki hverja hann hefur skotið fyrir en löngu eftir árásina (Larkin, 2009).

Fræðimenn sem fjallað hafa um skotárásir í skólum segja að þær greini sig frá öðrum skotárásum á þann hátt að þær gerast annað hvort í skóla eða á skólalóð. Árásarmaðurinn verður að vera núverandi eða fyrrverandi nemandi skólans og fórnarlömbin verða að vera fleiri en tvö. Ekki skiptir máli hvort fórnarlömbin láta lífið eða eingöngu særast. Í skotárásum í skólum verða fórnarlömbin oft fleiri eða önnur en árásarmaðurinn áætlaði (Newman og Fox, 2009). Hér verða eingöngu skoðaðar þær skotárásir þar sem fleiri en einn létu lífið, að meðtöldum árásarmanninum. Þá verður einnig tekið fyrir dæmi frá Dunblane í Skotlandi þar sem árásarmaðurinn var ekki núverandi eða fyrrverandi nemandi. Hann hafði hins vegar unnið mikið í kringum börn á sinni starfsævi (Wilkinson, 2013).

### 4.2 Skotárásir í sögulegu ljósi

Sögulega séð höfðu aðeins einangruð tilvik skotárása í bandarískum skólum átt sér stað áður en talsverð aukning varð í skotárásum á níunda og tíunda áratug 20. aldar. Ein af fyrstu skráðu árásunum átti sér stað árið 1956 þegar Billy Ray Prevatte skaut þrjá kennara til bana í Maryland Park framhaldsskólanum. Tvær árásir áttu sér stað árið 1966, ein í háskólanum í Texas og hin í Grand Rapids framhaldsskólanum í Minnesota. Árið 1974 voru þrír myrtir í framhaldsskóla í New York og árið 1979 skaut Brenda Spencer á fólk sem stóð fyrir utan



grunnskóla í San Diego (Rocque, 2012). Eins og áður sagði varð hins vegar mikil aukning í skotárásum í skólum á 10. áratugnum. Frá árinu 1996 til 2012 áttu sextíu skotárásir sér stað í bandarískum skólum þar sem afleiðingarnar voru hundruðir dauðsfalla. Þá hefur svokölluðum berserks-skotárásum (e. rampage shootings), þar sem árásarmaðurinn gengur berserksgang með skotvopn og skýtur á allt sem hreyfist, fjölgað að því er virðist (Rocque, 2012). Reyndar sýndu tölur frá SAVD (e. The School-associated violent deaths) að árásum með einu fórnarlambi hafði fækkað á meðan árásir með fleiri en einu fórnarlambi stóðu í stað á árunum 1992 til 2006. Aðrar rannsóknir hafa aftur á móti sýnt fram á fjölgun árása með fleiru en einu fórnarlambi. Í niðurstöðum SAVD rannsóknarinnar kom í ljós að á árunum 1999 til 2006 voru 116 nemendur myrtir í 109 árásum. Átta af þessum árásum innihéldu fleiri en eitt fórnarlamb. Taka verður þó fram að niðurstöður rannsóknarinnar innihéldu ekki tölur um morð sem framin voru í háskólum eða á háskólasvæði (Wike og Fraser, 2007).

Flestar árásir eiga það sameiginlegt að árásarmaðurinn er eða var nemandi í skólanum sem ráðist er á. Fórnarlömbin eru líka yfirleitt valin handahófskennt og flestar skotárásirnar enda með sjálfsvígi. Þó svo að árásarmennirnir séu jafn misjafnir og þeir eru margir þá má sjá nokkur einkenni sem eru sameiginleg milli árásanna. Til dæmis virðast árásarmennirnir hafa tilhneigingu til að vera hvítir, millistéttar karlmenn. Þá hafa árásirnar tilhneigingu til að eiga sér stað í skólum sem staðsettir eru í úthverfum og dreifbýlum sem einkennast oft af lægri glæpatíðni (Rocque, 2012). Ýmsir fræðimenn hafa einmitt bent á að frá árinu 1999 hefur skotárásur fækkað í skólum sem staðsettir eru inni í miðjum stórborgum. Hins vegar hefur þessum tilfellum, á sama tíma, fjölgað í úthverfum (De Venanzi, 2012).

### 4.3 Dæmi um skotárásir

Skotárásirnar sem verða teknar fyrir eru tólf talsins og atvikuðust í fimm löndum. Sjö árásir áttu sér stað í Bandaríkjunum, tvær í Finnlandi, tvær í Þýskalandi, og sín hvor árásin átti sér stað í Kanada og Skotlandi. Mismiklar upplýsingar eru til um hverja árás fyrir sig og því verður farið eftir ákveðnu sniðmát í umfjölluninni. Í fyrsta lagi verður tekin fram dagsetning og staðsetning skotárásarinnar. Í öðru lagi kemur nafn, aldur og vopnaburður árásarmannanna fram og í þriðja lagi hversu margir létust í árásinni. Skotárásirnar verða taldar upp í tímaröð.

Barry Loukaitis var 14 ára þegar hann réðst inn í kennslustund í Frontiers gagnfræðiskólanum í Washington í Bandaríkjunum 2. febrúar 1996. Barry var vopnaður riffli og tveimur skammbýssum sem hann hafði stolið af föður sínum. Í árásinni myrti hann tvo samnemendur sína og kennara áður en hann var yfirbugaður af lögreglu (Verlinden, Hersen

og Thomas, 2000). Rúmum mánuði seinna, 13. mars 1996, réðst hinn 43 ára gamli Thomas Hamilton inn í grunnskóla í Dunblane í Skotlandi og hóf skothríð. Thomas var vopnaður fjórum byssum sem allar voru löglega skráðar á hans nafn. Á örfáum mínútum hafði hann myrt sextán börn á aldrinum fimm til sex ára. Auk þess skaut hann kennara barnana til bana áður en hann tók eigið líf (Wilkinson, 2013).

Luke Woodham, 16 ára, mætti vopnaður riffli í skólann sinn í Mississippi-fylki í Bandaríkjunum 1. október 1997. Hann skaut tvo samnemendur sína til bana og særði aðra sjö. Seinna kom í ljós að hann hafði myrt móður sína með kjöthníf áður en hann mætti í skólann. Tveimur mánuðum seinna mætti Michael Carneal, 14 ára, vopnaður skammbyssu, haglabyssu og riffli í skólann sinn í Kentucky í Bandaríkjunum 1. desember 1997. Áður en kennsla gat hafist hafði hann skotið þrjá samnemendur sína til bana og sært aðra fimm þar sem þau sátu við bænar (Verlinden o.fl., 2000).

Tæpum fjórum mánuðum eftir skotárásina í Kentucky, þann 24. Mars 1998, myrtu Mitchell Johnson og Andrew Golden, 13 og 11 ára fjóra samnemendur sína og einn kennara. Þeir kveiktu á eldvarnarbjöllu gagnfræðaskólans í Jonesboro í Arkansas-fylki í Bandaríkjunum og földu sig í skóginum fyrir utan skólann. Drengirnir voru vopnaðir tveimur hálfsjálfvirkum rifflum, fjórum skammbyssum og einum riffli. Þeir skutu svo á fólkið þegar það kom út úr skólanum (Verlinden o.fl., 2000).

Árið 1999 réðust Dylan Klebold og Eric Harris, 17 og 18 ára, inn í Columbine framhaldsskólann í Colorado í Bandaríkjunum vopnaðir tveimur haglabyssum, skammbyssu og riffli. Árásin átti sér stað 20. apríl, á afmælisdegi Adolf Hitler, en því hefur verið haldið fram að árásarmennirnir hafi lagt til atlögu þennan dag til heiðurs þýska einræðisherranum. Í árásinni myrtu drengirnir þrettán manns og særðu tuttugu og einn áður en þeir fröndu sjálfsvíg (Moore, 2002).

Robert Steinhauser, 19 ára, hafði nýlega verið rekinn úr framhaldsskóla í Erfurt, Þýskalandi þegar hann hóf sína skotárás. Árásin átti sér stað 26. apríl 2002 þegar Robert mætti vopnaður haglabyssu og skammbyssu í fyrrverandi skólann sinn. Hann gekk á milli skólastofa og skaut á alla kennara sem urðu á vegi hans. Eftir stutta stund hafði hann myrt þrettán kennara, tvo nemendur og einn lögregluþjón. Að lokum læsti einn af kennurum skólans árásarmanninn inni í herbergi þar sem hann tók eigið líf (CNN, 2002)

Kimveer Gill var 25 ára þegar hann hóf skotárás 13. september árið 2006. Hann réðst inn í Dawson háskólann í Montreal, Kanada vopnaður riffli og skaut eina stúlku til bana. Auk þess særði hann nítján manns og suma hverja alvarlega. Sjálfur særðist hann eftir skotbardaga við lögregluna en áður en hún náði til hans hafði Kimveer framið sjálfsvíg (CBCnews, 2006).

Mannskæðasta skólaskotárás í sögu Bandaríkjanna átti sér stað 16. apríl árið 2007 í tekníska háskólanum í Virginiu-fylki (e. Virginia polytech institute and state university). Nemandi skólans, hinn 23 ára gamli Seung-Hui Cho, réðst inn á heimavist skólans og skaut tvo nemendur til bana. Tæpum tveimur og hálfum tíma síðar gekk hann inn í næstu byggingu þar sem kennslustundir voru í gangi og myrti þrjátíu manns til viðbótar. Auk þess særði hann aðra sautján. Þegar lögreglan kom að árásarmanninum hafði hann tekið eigið líf. Cho var vopnaður tveimur skammbyssum sem hann hafði löglega keypt skömmu fyrir árásina (Virginia tech review panel, 2007).

Í bænum Jokela í Finnlandi hóf Pekka-Eric Auvinen, átján ára, skotárás 7. nóvember árið 2007. Hann var vopnaður skammbyssu þegar hann réðst inn í framhaldsskóla sem hann gekk í og myrti átta manns. Þar á meðal voru sex samnemendur hans, hjúkrunarfræðingur skólans og skólastjórinn. Samhliða árásinni reyndi hann að kveikja í skólanum án árángurs áður en hann framdi sjálfsvíg (Langman, 2012b; Kiilakoski og Oksanen, 2011a).

Önnur skotárás átti sér stað í Finnlandi 23. september árið 2008, tæpu ári eftir Jokela árásina. Matti Saari, 22 ára finnskur háskólanemi réðst inn í Kauhajoki háskólann og skaut tíu manns til bana áður en hann tók eigið líf. Hann var vopnaður skammbyssu sem hann hafði keypt á sama stað og Pekka-Eric auk þess sem hann reyndi að kveikja í skólanum líkt og í árásinni ári áður (Langman, 2012b; Kiilakoski og Oksanen, 2011b).

Tim Kretschmer var sautján ára þegar hann réðst inn í Albertville Realschule skólann í Winnenden, Þýskalandi 9. mars árið 2009. Hann var vopnaður skammbyssu í árásinni þar sem fimmtán manns létust. Að lokum framdi hann sjálfsvíg. Tim útskrifaðist úr skólanum ári áður en hann framdi ódæðið (Langman, 2012a; BBCnews, 2009).

Nýlegasta árásin atvikaðist í Connecticut-fylki í Bandaríkjunum. Adam Lanza, tuttugu ára, hóf skotárás 14. desember árið 2012 í Sandy Hook barnaskólanum í Newtown. Hann var vopnaður hálfsvirkum riffli sem hann hafði stolið af móður sinni. Í skólanum myrti hann tuttugu börn og sex fullorðna. Börnin voru á aldrinum fimm til tíu ára gömul. Fyrr um morguninn skaut hann móður sína í höfuðið á heimili þeirra (CBCnews, 2012).

## 5. Fræðileg nálgun

Eftir að hafa skoðað nokkrar af umfangsmestu og banvænustu skotárásurum sem hafa átt sér stað í skólum síðustu árin, verður nú litið á þær í kenningarlegu samhengi. Kenningar geta ekki útskýrt skotárásir í skólum að fullu, en þær geta hins vegar verið mikilvægur leiðarvísir að útskýringum. Ástæðan fyrir getuleysi kenninga í að útskýra skotárásir í skólum er sú að slíkar árásir eru í sjálfu sér mjög sjaldgæfar samanborið við aðra glæpi. Þrátt fyrir það verða fjórar kenningar skoðaðar í eftirfarandi köflum og þær settar í samhengi við skotárásir í skólum.

### 5.1 Félagslegt taumhald (e. Social control theory)

Innan félagsfræðinnar er Travis Hirschi (1969) jafnan sagður hafa sett fram kenninguna um félagslegt taumhald, einnig talað um félagslega skuldbindingu (e. social bond). Í raun kom hún fram á sjónarsviðið nokkru áður hjá öðrum fræðimönnum. Hins vegar varð Hirschi einn virtasti félagsfræðingur 20. aldar og því er yfirleitt vitnað í hans útgáfu af kenningunni (Jensen, 2003).

Í stað þess að spyrja af hverju fólk fremur glæpi fer kenningin í hina áttina og spyr, af hverju ekki? Kenningin segir jafnframt að allir einstaklingar fæðist með þann eiginleika að vera sjálfelskir og árásargjarnir. Eiginleikar sem eru líklegir til þess að valda glæpsamlegri hegðun. Almennt séð stjórnar fólk þessum meðfæddu hegðunarmynstrum. Það er ekki fyrr en þeir missa stjórnina á þeim sem einstaklingar sýna glæpsamlegt athæfi (Pratt, Gau og Franklin, 2011).

Hirschi (1969) nefnir fjórar tegundir félagslegra tengsla sem gætu komið í veg fyrir glæpi hjá ungmennum. Í fyrsta lagi eru það tengsl við annað fólk (e. attachment), sérstaklega við foreldra og kennara hjá ungmennum. Þessi félagslega tenging getur stjórnað hegðun einstaklings með því móti að hann vill ekki valda foreldrum sínum eða kennurum vonbrigðum með glæpsamlegri hegðun. Í öðru lagi nefnir Hirschi skuldbindingu (e. commitment). Fólk er ólíklegra til þess að fremja glæp ef það hefur einhverju að tapa. Ungmenni vilja líka ekki líta illa út fyrir framan vini sína, foreldra eða kennara með því að fremja glæp. Hjá fullorðnu fólki gæti vinnan eða hjónabandið verið í húfi (Pratt o.fl., 2011; Jensen, 2003). Í flestum tilfellum fremja skotárásarmenn sjálfsvíg eftir árásina. Þannig hafa þeir engu að tapa og þurfa ekki að lifa með gjörðum sínum (Pittaro, 2007).

Þriðja hindrunin er þátttaka (e. involvement). Þegar einstaklingur tekur þátt í félagslegu athæfi, til dæmis íþróttum, þá tekur hann ekki þátt í andfélagslegum athæfum eins

og glæpum á meðan. Þannig mætti segja að eftir því sem einstaklingur tekur oftari þátt í lögmætu athæfi er líklegri að hann haldi sig frá glæpum. Að lokum nefnir Hirschi trú (e. belief). Ef einstaklingur trúir ekki á reglur samfélagsins eru minni líkur á að hann fari eftir þeim. Til dæmis ef unglingur telur að það sé góð hugmynd að sleppa því að mæta í skólann og vera heima hjá sér og reykja hass, eru allar líkur á að hann muni gera nákvæmlega það (Pratt o.fl., 2011; Jensen, 2003; Hirschi, 1969). Flestir skotárásarmenn hafa orðið fyrir aðkasti frá öðrum nemendum eða kennurum. Þess vegna verður hefnd eina útgönguleiðin til þess að ráða bót á óréttlættri hegðun og gjörðum annarra (Pittaro, 2007).

## 5.2 Einkennakenningar (e. Trait theories)

Samkvæmt einkennakenningum skera glæpamenn sig úr fjöldanum með líkamlegum og/eða andlegum einkennum (Siegel, 2009). Kenning sem ruddi sér til rúms seint á tuttugustu öldinni segir að félagslíffræðileg (e. sociobiological) einkenni útskýri hvernig glæpsamleg hegðun er lærd. Félagslíffræðingar segja að gen séu undirstaða alls lífs á jörðinni og þess vegna stjórnir þau örlögum manna. Kenningin útilokar þó ekki að glæpahneigð sé lærd frá félagslegu umhverfi og persónulegri reynslu en segir jafnframt að hegðun manna stjórnist fyrst og fremst af líffræðilegum þáttum. Einstaklingar stjórnast af meðfæddri þörf fyrir að ríkja yfir öðrum og sjá til þess að sín gen lifi áfram (Beaver og Walsh, 2011; Wilson, 1975).

Frá því á 19. öld hafa afbrotafræðingar haldið því fram að andleg einkenni geti haft áhrif á hegðun einstaklinga. Hjá sumum einstaklingum birtast þessi einkenni við fæðingu eða stuttu eftir hana. Einkennin geta svo haft áhrif á félagslega virkni einstaklingsins og atferlisval hans. Samkvæmt rannsóknum gengur börnum sem fæðast óeðlilega létt verr í námi. Einkenni sem myndast í kringum fæðingu geti því ýtt undir andfélagslega hegðun seinna í lífinu. Kenningin segir að þessi einkenni útskýri af hverju sumir einstaklingar leiðast út í glæpi en aðrir ekki þegar félagslegur bakgrunnur og aðstæður eru þær sömu (Conley og Bennett, 2000).

Þegar skotárásir eru skoðaðar út frá einkennakenningum bera árásarmennirnir með sér einhverja andlega kvilla. Einstaklinginn skortir þá félagslega hæfni til þess að takast á við lífið. Til dæmis höfðu báðir árásarmennirnir í Columbine framhaldsskólanum, Eric og Dylan, verið í reglulegum viðtölum hjá ráðgjöfum vegna þunglyndis og andfélagslegrar hegðunar. Samkvæmt viðtölum Erics við ráðgjafa, sem og dagbókarfærslum sem fundust í fórum hans, gaf hegðun hans til kynna að hann væri haldinn sjúklegrri sjálfhverfu (e. narcissism), hefði andfélagslegar tilhneigingar, ofsóknaræði og ótakmarkaða árásargirni. Dylan hafði hins vegar

einkenni þess að vera óhóflega viðkvæmur fyrir skömmum og niðurlægingu. Þá var hann metinn þunglyndur, ofsakvíðinn, tortrygginn og með félagsfælni. Í dagbókarfærslum Dylan fundust færslur þar sem hann sagðist óska sér dauða vegna þess hversu einmanna hann væri (Hong, Cho, Meares og Espelage, 2011).

Í rannsókn sem skoðaði geðveilu hjá skotárásarmönnum mátti sjá ákveðið mynstur. Peter Langman (2009) greindi skotárásarmenn í þrjá flokka; þeir flokkuðust sem siðblindir, geðveikir og svo þeir sem orðið höfðu fyrir áfalli. Siðblindir skotárásarmenn bindast ekki tilfinningalegum tengslum við aðrar manneskjur. Þeir finna ekki fyrir sektarkennd eða eftirsjá. Það veitir þeim ánægju að skaða aðra eða horfa á aðra kveljast. Skotárásarmenn sem flokkast sem geðveikir virtust veruleikafirrtir og sumir heyrðu raddir. Þeir báru til dæmis engin kennsl á alvarleika glæpsins sem þeir frömdu. Í þriðja flokknum voru svo þeir sem höfðu orðið fyrir andlegu, líkamlegu eða kynferðslegu ofbeldi. Þessir einstaklingar virtust hafa framið glæpinn eftir að hafa fundið fyrir streitu sem tengdist ofbeldinu sem þeir höfðu orðið fyrir. Til dæmis kom í ljós að einn skotárásarmannan hafði komist að því að hann átti að flytja inn til pabba síns sem hafði misnotað hann í æsku (Rocque, 2012).

Einkennakenningar sem kenndar eru við nútímann (e. Modern trait-theories) segja að ekki sé hægt að útskýra glæpahegðun með einhverjum einum líffræðilegum eða andlegum eiginleika heldur sé öll glæpahegðun einstök útaf fyrir sig. Kenningin segir að til þess að útskýra glæpahegðun verði að taka tillit til persónulegra einkenna eins og greindar, persónuleika og genasamsetningar. Einnig verður að taka tillit til umhverfisáhrifa eins og fjölskylduhaga, menntunar, efnahagsþátta og hvernig nánasta umhverfi er uppbyggt. Með það að leiðarljósi getur þunglyndur einstaklingur verið með árásargjarnar tilhneigingar en samt aldrei framið glæp. Þetta stafar af því að hann lifir í ákveðnu félagslegu umhverfi sem veitir honum aðhald. Annar einstaklingur með sömu einkenni gæti hins vegar tekið upp á því að ráðast inn í skóla vopnaður byssu af því að áreiti í umhverfinu kveiktu á þessu andfélagslega atferli (Siegel, 2009).

### **5.3 Félagsnámskenningin (e. Social learning theory)**

Félagsnámskenningin segir að einstaklingar séu ekki fæddir með eiginleika glæpsamlegrar hegðunar heldur sé slík hegðun lærd í gegnum lífsreynslu einstaklingsins eða þá að einstaklingurinn horfi á hegðun annarra og læri hana þannig. Talsmenn kenningarinnar segja að til þess að skilja glæpahegðun verði að ganga út frá því að hún sé lærd frekar en að hún sé meðfædd. Ferli sem einstaklingurinn gengur í gegnum þegar hann lærir hegðun er það sama

hjá þeim sem verða ofbeldismenn og þeir sem eru löghlýðnir. Eini munurinn er sá að félagslegt umhverfi er breytilegt milli einstaklinga og hópa. Innan þessa félagslega umhverfis eru félagsleg öfl eins og fjölskyldan, skólinn, jafningjar og fjölmiðlar (Jensen, 2007).

Rannsóknir á fjölskylduhögum sýna að ofbeldisfull börn hafa tilhneigingu til þess að eiga foreldra sem nota svipaðar aðferðir þegar það tekst á við annað fólk. Ungmenni sem búa í umhverfi þar sem ofbeldi er dagleg sjón eru líklegri til þess að bregðast við áreiti á ofbeldisfullan hátt heldur en þeir sem búa á stöðum þar sem glæpatíðni er lág (Bandura, 1977). Fjölmiðlar eru einnig áhættuþáttur og þá sérstaklega ofbeldisfullt efni í kvikmyndum þar sem söguhetjan þarf sjaldnast að taka afleiðingum gjörða sinna. Til dæmis má nefna James Holmes sem fjallað var um í inngangi ritgerðarinnar. Hann réðst vopnaður inn í bíósal þegar nýjasta Batman-myndin *The Dark Knight Rises* var sýnd. Hann skaut tólf manns til bana og særði fimmtíu og átta en þegar hann hóf skotárásina var hann klæddur í brynju líkt og í bíómyndinni. Það var því kannski ekki tilviljun að hann skyldi velja sér þessa sýningu enda má ímynda sér að ein aðalpersónan hafi verið áhrifavaldur Holmes. (Frosch og Johnson, 2012).

#### **5.4 Þolendakenningar (e. Victimization theories)**

Ef litið er yfir sögu afbrotafræðinnar hafa kenningar og rannsóknir á glæpum í langflestum tilfellum snúið að gerandanum. Það var ekki fyrr en um miðja 20. öld sem afbrotakenningar fóru að fjalla um hlutverk þolandans. Oft er það fórnarlamb glæps sem hefur áhrif á eigin örlög með því að hafa áhrif á gerandann. Samkvæmt kenningum um aðkomu þolandans (e. victim precipitation theories) eiga þolendur oft frumkvæðið að átökunum sem geta leitt þá sjálfa til dauða (Wilcox, 2010).

Aðkoma þolandans getur annað hvort verið virk (e. active) eða óvirk (e. passive). Til verður virk aðkoma þegar þolandinn ögrar, hótar, hefur í meiðyrðum við gerandann eða ræðst að honum (Dietrich, 2008). Til dæmis um þetta má nefna að Eric og Dylan (Columbine) voru stöðugt smánaðir og áreittir af öðrum nemendum skólans. Eric skrifaði jafnframt í dagbók sína að allir væru alltaf að gera grín að honum vegna útlits hans, þá skrifaði hann að hann myndi hefna sín fyrir það. Bæði Eric og Dylan voru lagðir í einelti í skólanum af strákum sem stunduðu íþróttir (e. Jocks) sem hentu í þá steinum, hrintu þeim og kölluðu illum nöfnum að þeim og fleirum sem ekki stunduðu íþróttir (Hong, Cho, Meares og Espelage, 2011). Þegar þeir svo réðust inn í skólann skutu þeir þá sem stunduðu íþróttir og þá sem voru klæddir í íþróttaföt (Moore, 2002).

Á hinn bóginn verður aðkoman óvirk þegar þolandinn sýnir persónuleg

einkenni/eiginleika sem ógna eða hvetja gerandann til þess að fremja glæpinn. Glæpurinn orsakast þá af deilum milli tveggja einstaklinga út af starfi, stöðuhækkun eða jafnvel ástarmálum. Þannig getur eiginkona ógnað stöðugildi eiginmannsins ef hún fær launahækkun eða stöðuhækkun sem metin er hærri en staða eiginmannsins. Þessar aðstæður getur verið streituvaldandi fyrir eiginmanninn þar sem hann missir karllægt gildi sitt um að vera fyrirvinna heimilisins. Aðkoma getur einnig verið óvirk þó að þolandinn og gerandinn þekkist ekki neitt og viti ekki hvor af öðrum. Til dæmis um það eru svo kallaðir hatursglæpir (e. hate crime) þar sem einhver hópur, eða pólitísk samtök ógna gerandanum á einhvern hátt (Dietrich, 2008).

Þegar Robert Steinhauser var rekinn úr skóla í Erfurt í Þýskalandi skaut hann þrettán kennara, tvo nemendur og einn lögregluþjón til bana. Samkvæmt kenningunni var aðkoma kennaranna óvirk í þessum glæp. Þó svo að þeir sjálfir hafi ekki rekið Robert, þá eru þeir í forsvari fyrir skólann. Robert er því að hefna sín á þeim sem honum fannst misbjóða sér (CNN, 2002).



## 6. Áhrifa –og áhættuþættir

Eftir að sjónarhorn kenninganna hafa verið skoðuð má sjá marga þætti sem gætu ýtt undir skotárásir. Að auki hafa fræðimenn, sem skoðað hafa skotárásir í skólum, talið upp ótal þátta sem gætu haft áhrif á skotárásir. Ekki er unnt að fjalla um alla þessa þætti hér en þó verða taldir upp þeir helstu. Í bókinni *Rampage: The Social Roots of School Shootings* töldu Newman, Fox, Roth, Mehta og Harding (2004) upp fimm þætti sem flestar skotárásir í skólum ættu sameignlega. Þættirnir snúa að menningu, aðgengi að skotvopnum, félagslegum aðstæðum, eftirliti í skólum og persónulegum einkennum (Newman og Fox, 2009; Kiilakoski og Oksanen, 2011b).

Verlinden o.fl. (2000) hafa hins vegar bent á að ekki er hægt að búa til eina staðalímynd fyrir alla skotárásarmenn. Ástæðan er sú að tilfelli skotárása eru mjög fá á meðan skýringarnar eru mjög margar. Þannig verður erfitt að sjá hversu mikil áhrif einn þáttur hefur út af fyrir sig (Harding, Fox og Mehta, 2002). Til að byrja með verður fjallað um þætti sem tengjast upptalningu Newman o.fl. (2004). Því næst verða áhrif frá svokallaðri poppmenningu (e. popular culture) skoðuð. Innan ramma hennar má setja daglega afþreyingu eins og tónlist, kvikmyndir, tölvuleiki, internetið o.fl. Að lokum verða svo áhrif frá fjölmiðlum skoðuð sem og eftirhermuáhrif (e. copycat effect).

### 6.1 Félags –og persónulegir þættir

Í fyrsta lagi eiga flestar skotárásir það sameiginlegt að árásarmaðurinn skynjar sig oft eins og hann tilheyrir ekki þeirri félagslegu veröld sem jafningjar hans tilheyra (Newman og Fox, 2009). Fjöldi rannsókna hafa bent á að stór meirihluti skotárásamanna eru fórnarlömb eineltis. Einelti getur leitt til reiði og streitu sem veldur því að einstaklingurinn ákveður að hefna sín á skólafélögum sínum. Í rannsókn Leary, Kowalski, Smith og Phillips frá árinu 2003 kom enn fremur í ljós að einelti var einn stærsti orsakaþátturinn í þrettán af fimmtán skotárásum sem rannsakaðar voru (Rocque, 2012).

Í öðru lagi glíma árásarmennirnir oft við sálfélagslega (e. Psychosocial) erfiðleika eins og geðveiki, þunglyndi eða afleiðingar misnotkunar (Kiilakoski og Oksanen, 2011b). Mitchell Johnson hafði til dæmis ítrekað verið misnotaður af föður sínum áður en hann og Andrew Golden urðu fimm manns að bana í skotárás í Arkansas, Bandaríkjunum (Rocque, 2012). Slík misnotkun er líkleg til að auka félagslega útilokun þeirra. Stjórnlaus reiði og ofbeldishótanir virtust einnig vera áberandi hjá mörgum skotárásarmönnum. Þeir höfðu tilhneigingu til þess að kenna öðrum um eigin vandamál og margir hverjir höfðu reglulega orðið uppvísir að

ofbeldi í garð annarra nemenda. Flestir drengjanna höfðu einnig skipulagt árásina vel áður en þeir framkvæmdu hana og höfðu margir hverjir skrifað eða teiknað ofbeldisfullar myndir og texta fyrir ódæðin. Þá höfðu árásarmennirnir margir hverjir mikinn áhuga á byssum og sprengjum, svo mikinn að kennarar og skólafélagar tóku eftir því (Verlinden o.fl., 2000; Rocque, 2012). Til að mynda höfðu finnsku skotárásarmennirnir, Matti Saari og Pekka-Eric Auvinen, orðið helteknir af skotvopnum og skotárásum í Bandaríkjunum áður en þeir hófu sínar árásir (Langman, 2012b).

Í þriðja lagi eiga skotárásarmenn það sameiginlegt að tilheyra félagslegum minnihlutahóp í skóla. Þeir eru ekki á meðal vinsælu nemendanna og eiga fáa vini. Þeir eru jafnvel álitnir „lúserar“ í augum annarra. Til þess að komast undan þessari stimplun kemur hugmyndin um andhetjuna (e. Antihero). Hugmynd sem gjarnan er komin frá bíómyndum, tónlist eða tölvuleikjum. Einstaklingurinn sýnir mátt sinn með skotárás gegn skólanum, þar sem hann er álitinn „lúser“, því það verður auðveldara fyrir hann að skjóta aðra nemendur heldur en að komast í náðina hjá þeim (Newman og Fox, 2009).

Í fjórða lagi eiga skotárásarmenn það sameiginlegt að þeim er ekki veitt næg athygli. Umsjónaraðilum ferst því að sjá atferlishegðun sem gæti leitt til hættulegra aðgerða (Newman og Fox, 2009). Eins og bent hefur verið á hafa skotárásir verið að færast frá stórborgum til lítilla bæjarfélaga þar sem glæpatíðni er almennt mjög lág (De Venanzi, 2012). Útskýringin kann að vera sú að ungmenni hafa aukið frelsi frá foreldrum í minni samfélögum þar sem hætturnar eru færri. Í slíkum samfélögum verður til félagsauður (e. social capital) þar sem tengslanet milli fólks er sterkara og nágrannar bera meira traust til hvors annars. Því er líklegt að foreldrar eigi auðveldara með að skilja ungmenni eftir afskiptalaus. Skotárásarmenn hafa því í kjölfarið meira svigrúm til þess að skipuleggja árásina án stöðugs eftirlits forsjármanna (Hawdon o.fl., 2012).

## **6.2 Áhrif poppmenningar (e. popular culture)**

Algennt er að foreldrar, pólitíkusar o.fl. kenni ofbeldisfullu efni sem birtist í sjónvarpi og tölvuleikjum um skotárásir (De Venanzi, 2012). Á svipuðum nótum hefur Marilyn Manson og hans gotneska tónlistarstefna (e. goth music) orðið fyrir barðinu á sama hópi. Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, sagði að hugsanleg skýring á skotárásum í skólum væri internetið (Kimmel og Mahler, 2003). Wayne LaPierre, varaforseti bandarísku skotvopnasamtakana NRA (National Rifle Association), sagði að ekki væri hægt að kenna byssueign almennings um skotárásir í skólum, heldur poppmenningu. Hann benti á að

skotárásir í skólum séu afsprengi tölvuleikja, kvikmynda og tónlistarmyndbanda sem miðla daglega ofbeldisfullri menningu (Eyjan, 2012a).

Kiilakoski og Oksanen (2011b) hafa fjallað um menningargátt (e. cultural script) þar sem ungmenni verða fyrir áhrifum frá vinsælli dægurmenningu. Þeir benda á að ungt fólk læri og leiti sér þekkingar í gegnum menningu alveg eins og í skólum eða í heimilum. Uppskriftin af því hvernig ungmenni eiga að haga sér og bregðast við daglegu lífi, kemur að mörgu leyti í gegnum félagsmiðla og vinsæla poppmenningu. Í kvikmyndum er karlmennska mjög sýnileg. Þar verða til vinsælar fyrirmyndir sem nota ofbeldi til að leysa úr vandamálum. Kvikmyndin *The Basketball Diaries* sem kom út árið 1995 virtist til að mynda hafa áhrif á Michael Carneal sem skaut þrjá samnemendur sína til bana í Kentucky í Bandaríkjunum. Þegar hann var spurður af hverju hann myrti krakkana sagðist hann hafa séð það í *The Basketball Diaries* og langaði að prófa það (Kiilakoski og Oksanen, 2011b).

Svipaða sögu er að segja um tónlist. Í gegnum tíðina hafa skotárásarmenn gert tónlistina að verkfæri sem þeir tjá sig í gegnum. Eric Harris og Dylan Klebold, sem myrtu þrettán manns í Columbine árið 1999, voru miklir aðdáendur þýsk/amerísku hljómsveitarinnar KMFDM (e. Kein Mehrheit Für Die Mitleid). Þeir höfðu skipulagt að ráðast á skólann sama dag og hljómsveitin gaf út plötuna *Adios*. Fjölmíðlar hafa haldið því fram að afmælisdagur Adolf Hitler, 20. apríl, hafi verið ástæðan fyrir dagsetningunni. Hins vegar, ef marka má dagbókarfærslur Eric Harris, gæti dagsetningin verið tileinkuð KMFDM (Kiilakoski og Oksanen, 2011b). Kanadíski skotárásarmaðurinn Kimveer Gill vitnaði einnig í tónlist áður en hann hóf skotárás í Montreal í Kanada. Á heimasíðunni *Vampirefreaks.com* sagðist hann vera áhugamaður um gotneska þungarokkstónlist. Síðasta blogg færsla Kimveer innihélt meðal annars lag eftir þungarokkshljómsveitina *Megadeath* (Kiilakoski og Oksanen, 2011b).

Margir árársarmannana höfðu mikinn áhuga á ofbeldisfullum tölvuleikjum. Eric og Dylan spiluðu gjarnan tölvuleikinn *Doom* og Seung-Hui Chong, sem myrti 32 í skotárásinni í tekníska háskólanum í Virginiu árið 2007, spilaði herkænskuskotleikinn *Counter-Strike* (Rocque, 2012). Chong var svipað klæddur og persónur í þeim leik þegar hann framdi ódæðið. Internetið hefur reynst mikilvægt tæki fyrir skotárásarmenn á þann hátt að það er vettvangur umræðna. Það auðveldar fólki sem er félagslega útilokað að hafa samskipti sín á milli. Finnski skotárásarmaðurinn Pekka-Eric, sem varð átta manns að bana árið 2008, fékk til að mynda miklar upplýsingar um Columbine árásina á sérstökum umræðuvef. Að auki var hann meðlimur fjölmargra umræðuhópa á netinu. Þar komst hann í samband við fólk sem hafði svipaðar hugmyndir um skotárásir í skólum og sem studdu ákvörðun hans um að ráðast á skólann (Kiilakoski og Oksanen, 2011a).

### 6.3 Áhrif fjölmiðla og eftirhermuáhrif (e. the copycat effect)

Óhætt er að segja að fjölmiðlar hafi gríðarlega mikil áhrif á líf fólks nú á dögum. Flestar upplýsingar sem við fáum koma í gegnum fjölmiðla, hvort sem það er í gegnum sjónvarp, tölvuleiki eða internetið. Fjölmiðlafræðingar og sálfræðingar hafa meðal annars bent á að ofbeldisfullt efni sem birtist í fjölmiðlum auki líkurnar á að árársarhegðun áhorfandans aukist (Murray, 2008).

Þegar skotárásir í skólum birtast í fjölmiðlum kemur jafnan fram hvað árársarmaðurinn heitir, hvernig einstaklingur hann var og hvaða persónuleika hann hafði að geyma. Fjölmiðlar gera yfirleitt greinargóða og ítarlega lýsingu á atburðinum. Fram kemur hversu margir létust eða særðust og hvernig skotárásin fór fram. Fjölmiðlar eiga jafnvel til að hampa árársarmanninum með jákvæðum orðasamböndum, fyrir að hafa tekist ætlunarverk sitt (Grenny, 2012).

Samkvæmt útlitun sem gerð var fyrir Alríkislögregluna FBI (Federal Bureau of Investigation) á áhættuþáttum sem geta leitt af sér skotárásir kom í ljós að eftirhermuáhrif (e. the copycat effect) hafa talsverð áhrif. Í sömu skýrslu kom fram að rannsóknir sýna að hótunum um skotárásir fjölga eftir að skotárás hefur átt sér stað. Lýsingarnar sem fjölmiðlar bera á borð fyrir almenning geta því hæglega aukið árársargirni einstaklinga sem eru viðkvæmir fyrir (Grenny, 2012; O'Toole, 2001).

Í mánuðinum eftir skotárásina í Columbine framhaldsskólanum í Littleton árið 1999 voru tilkynnt í kringum 400 atvik í bandarískum skólum þar sem ungmenni hótuðu að sprengja upp skóla eða voru klædd í eins föt og árársarmennirnir (Coleman, 2004). Í rannsókn Larkin (2009) voru skoðaðar tólf skotárásir sem áttu sér stað í Bandaríkjunum frá árinu 1999 til ársins 2007. Átta af þessum skotárásum höfðu beina tilvitnun í, eða voru framkvæmdar eins og Columbine skotárásin. Allir skotárásarmennirnir annað hvort viðurkenndu að hafa verið undir áhrifum Columbine eða þá að lögreglan fann eitthvað sem benti til þess, mismikið þó. Árásin hafði því greinilega mikil áhrif á skotárásir sem fylgdu í kjölfarið í Bandaríkjunum, en einnig annars staðar í heiminum. Skotárásir í Finnlandi og Þýskalandi sýndu umtalsverð áhrif frá Eric og Dylan (Coleman, 2004).

Ástæðan fyrir því að Columbine skotárásin varð svona áhrifamikil er þríþætt. Í fyrsta lagi voru áhrifin mikil vegna myndbandanna sem árársarmennirnir tóku upp sem sýndu hvernig þeir skipulögðu árásina. Þetta tiltekna skipulag varð eins konar uppskrift fyrir komandi skotárásarmenn. Í öðru lagi var hún hvatning, fyrir aðra skotárásarmenn, til hefndar gegn þeim sem höfðu komið illa fram við þá. Í þriðja lagi varð Columbine árásin goðsagnakennd í augum margra ungmenna sem voru félagslega einangruð í skólum. Þeir

vitnuðu í tónlist, kvikmyndir og tölvuleiki sem fjölmiðlar mögnum upp í umfjöllun sinni (Larkin, 2009; Kiilakoski og Oksanen, 2011b). Mörgu af því sem Pekka-Eric skrifaði fyrir skotárásina í Finnlandi 2007, svipaði til þess sem Eric Harris hafði skrifað fyrir sína árás 1999. Þeir töldu upp hluti sem þeir elskuðu og hötuðu og skrifuðu að þeim liði eins og þeir væru guðlegir (e. godlike) í samanburði við annað fólk. Hatur á mannkyni einkenndi báða árásarmennina. Til þess að bjarga mannkyninu frá sjálfu sér þyrfti að útrýma öllum því að mannkynið er ekki þess virði að berjast fyrir. Það er því nokkuð augljóst að Pekka-Eric hafði lesið dagbók Eric Harris sem hafði gríðarleg áhrif á hann (Langman, 2012b).

Seinni skotárásin í Finnlandi bar þess merki að Matti Saari, sem varð tíu manns að bana árið 2008, hefði verið undir áhrifum fyrri árásarinnar árið 2007. Rannsóknir og sönnunargögn leiddu í ljós að hann leit mjög upp til Columbine árásarinnar, en hann dáðist einnig að Pekka-Eric. Hann keypti sína byssu á sama stað og Pekka-Eric hafði gert og reyndi að kveikja í skólanum áður en hann hóf árásina, líkt og í fyrri árásinni. Nokkrum vikum fyrir skotárásina fór Saari til Jokela og tók myndir af skólanum sem Pekka-Eric hafði ráðist á. Sumarið fyrir árásina fór hann að ganga í svörtum leðurjakka og greiða hárið á sér aftur á bak til þess að líkjast Pekka-Eric. Líkt og átrúnaðargoð sín, skrifaði Saari um hatur sitt á mannkyninu. Aukinheldur skrifaði hann um löngun sína til að myrða eins marga og hann gæti en þessum skrifum svipaði mjög til dagbókarfærslu Pekka-Eric (Langman, 2012b). Eftirhermuáhrifin eru því vel merkjanleg milli skotárása.

## 7. Aðgengi að skotvopnum

Þegar fræðimenn fjalla um skotárásir í skólum og hvernig megi útskýra þær, er hér um bil undantekningalaust bent á aðgengi að skotvopnum (Rocque, 2012; Kiilakoski og Oksanen, 2011b; Larkin, 2009; Newman og Fox, 2009; Verlinden o.fl., 2000). Þá má benda á að samkvæmt upptalningu Newman o.fl. (2004) eiga skotárásarmenn flestir auðvelt aðgengi að skotvopnum sameiginlegt. Eins og áður hefur komið fram benti Gary Kleck (2009) á að næstum helmingur allra fréttu fyrstu fjóra mánuðina eftir skotárásina í Columbine, fjölluðu um of auðvelt aðgengi að skotvopnum. Pierce, Braga, Wintemute og Dolliver (2013) segja að ein megin ástæða hárrar morðtíðni og þess að svo margir glæpir séu framdir í Bandaríkjunum með skotvopnum sé að of auðvelt sé að nálgast skotvopn.

Byssur eru sérlega banvæn vopn og virðast vera mjög aðgengilegar ungu fólki sem ekki hefur leyfi til þess að eiga þær. Flestir þeirra skotárásarmanna sem taldir hafa verið upp, tóku skotvopnin í leyfisleysi á heimili sínu eða hjá öðrum fjölskyldumeðlimum (Verlinden, o.fl., 2000). Þessu til stuðnings skoðaði Gary Kleck (2009) sjö stærstu skotárásirnar í kringum Columbine árásina 1999. Í tveimur árásanna voru byssurnar löglega keyptar af árásarmönnum sjálfum. Í Columbine árásinni voru byssurnar keyptar löglega af vini Harris og Klebold sem afhenti þeim byssurnar án þess að vita hvaða hlutverki þær áttu eftir að gegna. Í hinum fjórum voru byssurnar stolnar.

Pekka-Eric Auvinen átti einnig auðvelt með að nálgast sína byssu. Hann sótti ekki um skotvopnaleyfi fyrr en einum mánuði áður en hann hóf skotárásina í Jokela 2007. Skotvopnaleyfi í Finnlandi fæst ekki nema viðkomandi útskýri og sanni til hvers hann ætlar að nota skotvopn. Í tilviki Pekka-Eric sagðist hann ætla að nota það til æfinga. Í fyrstu tilraun fékk hann neitun vegna þess að vopnið sem hann ætlaði að kaupa var of öflugt fyrir skotæfingar. Í annari tilraun sótti hann um minna vopn sem var samþykkt. Hann keypti byssuna aðeins fimm dögum fyrir skotárásina (Langman, 2012b).

Á síðustu áratugum hafa byssur orðið jafnvel enn banvænni heldur en áður, en þessi breyting stafar af þróun skotvopna. Skammbyssur til dæmis bera fleiri skot í dag en áður og hálfsvirvirkar skammbyssur sem BATF (U.S. Bureau of Alcohol, Tobacco and Firearms) rakti voru í lok tuttugustu aldar orðnar helmingur af öllum tiltækum skotvopnum (Reich, Culross og Behrman, 2002). Síðan snemma á tíunda áratug 20. aldar hefur skotvopnaburður og byssuofbeldi almennt minnkað hjá ungmennum í Bandaríkjunum. Þessa þróun má rekja meðal annars til hertari lagasetningar sem bannar fólki undir 21 árs aldri að kaupa ýmis skotvopn - og aukinnar vitundarvakningar meðal almennings um að geyma skotvopn á

öruggum stað inni á heimilum. Þrátt fyrir þetta eru enn fjöldi ungs fólks sem á ekki í neinum erfiðleikum með að nálgast skotvopn, hvort sem það er á heimilum, með þjófnaði, hjá vinum eða í gegnum einkasölu. Rannsóknir hafa sýnt að ríflega þriðjungur barna og ungmenna í Bandaríkjunum býr á heimilum þar sem skotvopn eru til staðar. Í rannsókn frá árinu 1998 sögðu 50% þeirra sem svöruðu að lítið eða ekkert mál væri fyrir þá að nálgast byssu (Reich, o.fl., 2002).

Auðvelt aðgengi stafar meðal annars af því að tvenns konar markaðir eru ríkjandi í skotvopnasölu í Bandaríkjunum. Annars vegar eru „frummarkaðir“ (e. primary markets) þar sem byssusalar eru með löglegt umboð fyrir skotvopnum og öll tilskilin leyfi. Hins vegar eru það svokallaðir „eftirmarkaðir“ (e. secondary markets) þar sem byssur ganga kaupum og sölum í gegnum söluaðila. Talið er að 85% allra skotvopna sem koma inn á borð hjá yfirvöldum í sambandi við glæpastarfsemi, hafi verið seldar að minnsta kosti einu sinni í gegnum slíka söluaðila (Pierce o.fl., 2013). Þó svo að eftirmarkaðir séu fyrst og fremst hentugir og þægilegir fyrir löghlýðna borgara, af því að á þessum mörkuðum þarf enga pappíra og bakgrunnsskoðun, eru slíkir markaðir góð lausn fyrir kaupendur sem eru dæmdir glæpamenn, of ungir eða af einhverjum ástæðum mega ekki kaupa byssu. Eftirmarkaðir auðvelda þannig leið skotvopna frá löglegum söluaðilum til glæpamanna. Eftir því sem byssulögin herðast á frummörkuðunum, því meira aðlaðandi verður eftirmarkaðurinn fyrir leyfislausa kaupendur (Pierce o.fl., 2013).

Þegar lítið er á sambandið milli aðgengi skotvopna í Bandaríkjunum og morðtíðni kemur í ljós sterk fylgni. Eftir því sem skotvopn eru aðgengilegri, þeim mun hærri er morðtíðnin. Til dæmis um þetta má nefna þegar skotvopn eru aðgengileg inni á heimili, aukast líkurnar á að fjölskyldumeðlimur fremji sjálfsmorð með byssu, verði fyrir slysaskoti eða hreinlega sé myrtur (LaFollette, 2000). Sambandið getur þó farið í báðar áttir. Hægt er að halda því fram að því hærri sem morðtíðnin er, því líklegra er fólk til þess að vopnbúast (Hepburn og Hemenway, 2004). Að auki má nefna að hér gæti verið einhver þáttur sem útskýrir þessa fylgni, til dæmis samfélagsgerð. LaFollette (2000) nefnir að í Evrópulöndum, þar sem morðtíðni er lítil, er meiri samfélagsleg samstaða. Þá virðast evrópsk samfélög vera margbreytilegri heldur en Bandaríkin.

Nokkrar rannsóknir hafa stutt þetta. Alheimer og Boswell (2012) fundu jákvæða fylgni milli aðgengis að skotvopnum og morðtíðni í fjórtán vestrænum löndum. Í rannsókninni var skoðað hvort fylgnin væri breytileg milli landa sem höfðu mismunandi sögu og menningu. Þeir skoðuðu 43 lönd sem skipt var í þrjá flokka, vestrænar þjóðir, austur evrópskar þjóðir og þjóðir úr rómönsku ameríku. Í ljós kom að aukið aðgengi að byssum

hefur aukandi áhrif á morðtíðni hjá vestrænum þjóðum og í rómönsku Ameríku. Á hinn bóginn kom í ljós að morðum fækkaði í Austur-Evrópu eftir því sem byssum fjölgaði.



## 8. Ólík sjónarmið um skotvopnalöggjöf

Í gegnum árin hafa fá málefni skapað jafn miklar deilur í Bandaríkjunum eins og umræðan um skotvopnalöggjöfina (Kahan, 2003). Umræðan kemur jafnan upp á yfirborðið í kjölfar skotárása í skólum. Hún samanstendur af mismunandi sjónarmiðum tveggja ólíkra hópa. Annars vegar eru það þeir sem vilja herta skotvopnalöggjöf og hins vegar þeir sem vilja meira frelsi. Talsmenn hertrar löggjafar (e. anti-gun) vilja setja bann á ýmis vopn, eins og árásarvopn, sem þeir telja ekki nauðsynleg almenningsi. Þá vilja þeir herða bakgrunnseftirlit svo skotvopn komist ekki í hendur leyfislausra aðila (Kleck, Gertz og Bratton, 2009). Talsmenn frjálsrar löggjafar (e. pro-gun) eru sammála því að herða þurfi bakgrunnseftirlit en eru mótfallnir öðrum takmörkunum. Þeir telja of mikla áherslu lagða á að banna ákveðnar tegundir skotvopna (Þórunn E. Bogadóttir, 2013).

Dan M. Kahan (2003) hefur bent á að afstaða til skotvopnalöggjafar sé breytileg milli ólíkra hópa. Talsmenn frjálsrar löggjafar hafa tilhneigingu til að vera mótmælendatrúar, hvítir karlmenn frá dreifbýlissvæðum í suður –og vesturhluta Bandaríkjanna. Á alþjóðavísu eru flestir skotvopnaeigendur karlmenn. Sömu sögu er að segja innan lögreglunnar og bandaríska herafans. Karlmenn eru í miklum meirihluta þegar kemur að byssuglæpum, hvort sem litið er á gerandann eða þolandann (Cukier og Sheptycki, 2012). Talsmenn hertra skotvopnalaga hafa aftur á móti tilhneigingu til að vera konur, gyðingar, blökkumenn og kaþólikkar frá þéttbýlissvæðum í austurhluta Bandaríkjanna (Kahan, 2003). Í eftirfarandi köflum verður umræðan um skotvopnalöggjöfina skoðuð og gert grein fyrir sjónarmiðum talsmanna beggja hópa.

### 8.1 Talsmenn hertra skotvopnalaga (e. anti-gun)

Krafan um hertari skotvopnalöggjöf er studd af ýmsum samtökum. Til dæmis má nefna *Handgun Controls, Inc* og *Violence Policy Center*. Samtökin hafa barist fyrir hertari lagasetningu og banni á hættulegustu tegundum skotvopna, eins og sjálfvirkum árásarrifflum. Þau segja flest fólk ekki vera í stakk búið til að eiga slík vopn. Talsmenn hertra skotvopnalaga segja byssur vera eyðileggingarvopn og þess vegna skaði þær samfélagið fremur en að bæta það (Lew og Kleiner, 2001; Eyjan, 2012b).

Fjölmíðlar, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, hafa einnig haft sitt að segja um skotvopnalöggjöfina. Flestir þekkja afstöðu breska fjölmiðlamannsins Piers Morgan, en hann hefur gert umræðuna að miklu hitamáli í kjölfar skotárása í Bandaríkjunum. Í pistli á fréttasíðunni *Daily Mail* nefnir Piers (2012) hversu ótrúlegt það sé að einstaklingur geti án

vandkvæða, gengið inn í bandarísku verslunarmiðstöðina *Walmart* og keypt sjálfvirkan *AR-15* riffil og skot. Sami riffill og Adam Lanza notaði í skotárásinni í Connecticut, Bandaríkjunum árið 2012 (Morgan, 2012).

Franklin E. Zimring (2004) hefur fjallað mikið um hert skotvopnalög og jákvæð áhrif þeirra. Hann telur að koma þurfi skotvopnum frá almenningi til að lækka morðtíðni í Bandaríkjunum (Stell, 2004). Morðtíðni í Bandaríkjunum er næstum fjórum sinnum hærri en í öðrum iðnvæddum nútímasamfélögum (Hoskin, 2001). Zimring (2004) nefnir að skotvopnaeign útskýri þessa háu morðtíðni en byssur eru notaðar í 70% allra glæpa sem enda með morði. Jafnframt bendir hann á að árás framin með skotvopni er sjö sinnum líklegri til að enda með morði heldur en árás án skotvopna.

Hugh LaFollette (2000) hefur bent á að það séu ekki grundvallarréttindi fólks að eiga skotvopn, líkt og talsmenn frjálslyndra skotvopnalaga hafa haldið fram. Grundvallarréttindi snúast um það sem einstaklingar þurfa til að lifa og dafna sem manneskjur. Málfrelsi, trúfrelsi og möguleikinn á að ná markmiðum eins og menntun eru dæmi um slík réttindi. Einstaklingar þurfa ekki að ganga með hlaðna byssu til þess að ná markmiðum sínum. Talsmenn frjálslyndra skotvopnalaga eru hins vegar ósammála og telja það vera grundvallarréttindi að geta varið sjálfan sig með byssum.

## **8.2 Talsmenn frjálslyndra skotvopnalaga (e. pro-gun)**

Bandarísku skotvopnasamtökin NRA (National Rifle Association) hafa veitt hugmyndum um hertari löggjöf harða mótspyrnu. Samtökin eru einhver öflugustu hagsmunasamtök Bandaríkjanna og markmið þeirra er að hafa áhrif á lagaákvæði sem fjalla um skotvopneign. Þau telja það vera stjórnarskrárvarinn rétt sinn að eiga og bera skotvopn og vitna þar í annan viðauka stjórnarskrárinnar (e. second amendment). Samtökin hafa þó lagt áherslu á að öll umgengni í kringum skotvopn sé sem öruggust (Lew og Kleiner, 2001; Eyjan, 2012b).

Talsmenn samtakanna hafa meðal annars haldið því fram að skotvopnaeign komi í veg fyrir glæpi. Rökstuðningurinn felst í því að ef glæpamaður áformar að brjótast inn í hús, er líklegra að hann láti verða af innbrotinu þegar hann veit að húsráðandi er byssulaus (LaFollette, 2000). Fulltrúadeildarþingmaðurinn Louie Gohmert sagði í viðtali við *Fox* fréttastofuna í kjölfar skotárásarinnar í Connecticut, þar sem Adam Lanza myrti tuttugu börn og sex fullorðna, að réttast væri að vopna skólafólk. Hann sagði að bjarga hefði mátt börnunum ef skólustjórinn hefði haft riffil inni á skrifstofu hjá sér (Eyjan, 2012b). Í kjölfar tillögu Barack Obama Bandaríkjaforseta um að herða skotvopnalöggjöfina, sem fjallað var

um í kafla 3, hafa talsmenn byssusamtakana sakað hann um hræsni. Ástæðan er sú að vopnaðir verðir fylgja dætrum hans í skólann en á sama tíma berst hann fyrir því minnka öryggi annarra barna með hertari skotvopnalöggjöf (Eyjan, 2013)

Varaforseti bandarísku skotvopnasamtakana, Wayne LaPierre, tók í sama streng á blaðamannafundi viku eftir skotárásina í Connecticut. Þar benti hann á að til þess að vernda skólana og nemendur þeirra, þurfi að nota aðferðir sem virka á öðrum stöðum í samfélaginu. Hann sagði yfirvöld vera að opna skólana með því að setja lög um skotvopnalaus skólasvæði. Skotárásarmenn fara því frekar í skólana en á aðra staði til að valda sem mestum skaða án þess að eiga það á hættu að vera skotnir sjálfir. Ennfremur sagði hann þetta ekki viðgangast annars staðar í bandarísku samfélagi. Flestar stórar stofnanir eins og bankar, íþróttaleikvangar og skrifstofubyggingar eru verndaðar með vopnuðum vörðum. Að lokum sagði LaPierre „Fyrst við verndum forsetann með vopnuðum vörðum og fyrst þingmenn eru umkringdir vopnuðum lögregluþjónum, af hverju verndum við ekki skólana og börnin okkar á sama hátt?“ (Washington Post, 2012).

## 9. Samantekt og lokaorð

Skotvopn hafa sett sterkan svip á bandaríska sögu. Allt frá nýlendutímabilinu þegar landnemar vörðu sig með púðurrifflum, til ársins 2012 þegar Adam Lanza myrti tuttugu börn með hriðskotariffli í Sandy Hook grunnskólanum í Connecticut. Hugtakið skotvopnamening (e. gun culture) kom fyrst fram um miðja 20. öldina og vísar í það hversu stór hluti skotvopn eru af bandarískri menningu.

Þegar Bandaríkin verða vitni að skotárásum beinast augu fólks gjarnan að frjálsslyndri skotvopnalöggjöf og fjölda skotvopna í umferð. Í kjölfarið heyrast raddir um að breyta þurfi lögum til að koma í veg fyrir árásirnar. Slíkt hefur verið gert. *Brady* lögin áttu að koma í veg fyrir að ódæðismenn og ungmenni gætu nálgast skotvopn. *Árásarvopnabannið*, sem rann út árið 2004, átti að koma svokölluðum árásarrifflum úr umferð. Þrátt fyrir ýmsar breytingar telst bandarísk skotvopnalöggjöf frjálsslynd þegar horft er til annarra landa eins og Kanada, Bretlands og Íslands. Aðgengi að byssum virðist því vera greiðara í Bandaríkjunum.

Skotárásir í skólum hafa verið skilgreindar sem árásir án sérstaks skotmarks. Fórnarlömbin eru í felstum tilfellum valin af handahófi. Megineinkenni skotárása í skólum eru að þær gerast á skólalóðum og árásarmaðurinn er núverandi eða fyrrverandi nemandi skólans. Í kafla fjögur voru skoðaðar tólf skotárásir frá árinu 1996 sem áttu sér stað í Bandaríkjunum, Finnlandi, Þýskalandi og Kanada.

Þrátt fyrir að kenningar geti ekki útskýrt skotárásir í skólum að fullu, geta þær verið leiðarvísir að útskýringum. Ástæðan er sú að skotárásir eru sjaldgæfur glæpur þegar miðað er við aðrar tegundi glæpa. Byrjað var á að skoða kenningu Travis Hirschi um félagslegt taumhald (e. social control theory). Samkvæmt henni eru það félagslegir þættir eins og tengsl við annað fólk, skuldbinding, félagsleg þátttaka og trú sem halda einstaklingum frá glæpum. Einkennakenningar (e. trait theories) útskýrðu skotárásir út frá andlegu heilbrigði árásarmannana. Samkvæmt félagsnámskenningunni (e. social learning theory) er glæpahegðun lærd í gegnum reynslu einstaklinga eða til dæmis í gegnum fjölmiðla. Þolendakenningar (e. victimization theories) benda á hlutverk þolanda í glæpum. Samkvæmt kenningunum geta þolendur haft áhrif á eigin örlög með því að hafa áhrif á gerandann, til dæmis með einelti eða annars konar ögrun.

Kenningarleg nálgun leiddi ritgerðina að því að skoða áhrifa- og áhættuþætti skotárása. Þessir þættir voru skoðaðir í 6. kafla. Newman o.fl. (2004) fundu fimm þætti sem flestar skotárásir í skólum eiga sameiginlega. Þættirnir snúa að menningu, félagslegum aðstæðum, eftirliti, persónulegum einkennum og aðgengi að skotvopnum. Verlinden o.fl.

(2000) bentu hins vegar á að ekki væri hægt að búa til eina staðalímynd fyrir skotárásarmenn því skotárásir í skólum eru fátíðar og þættirnir sem gætu útskýrt þær eru margir. Skotárásarmennirnir sem skoðaðir voru í kafla 3 virtust falla vel undir þessa þætti. Þeir voru fórnarlömb eineltis, áttu við sálfélagslega erfiðleika að stríða, tilheyrðu í flestum tilfellum félagslegum minnihlutahóp og eftirlit frá foreldrum og starfsfólki skólanna var ábótavant. Að auki voru skoðuð áhrif poppmenningar. Algengt var að skotárásarmenn vitnuðu í tónlist áður en þeir hófu árásirnar og sem dæmi hóf einn drengjanna skotárás af því að hann sá það í bíómynd. Áhrif frá fjölmiðlum og eftirhermuáhrif (e. copycat effect) voru einnig sjáanleg í skotárásunum. Útlit er fyrir að fjölmiðlar auki líkurnar á skotárásum með umfjöllun sinni. Í kjölfar skotárásarinnar í Columbine framhaldsskólanum árið 1999 komu upp 400 tilvik þar sem ungmenni hótuðu að ráðast gegn skólanum með vopnum eða voru klædd í eins föt og árásarmennirnir. Fyrri skotárásin í Finnlandi var greinilega undir áhrifum Columbine árásarinnar og seinni árásin hafði mörg einkenni fyrri árásarinnar. Eftirhermuáhrifin voru því vel merkjanleg.

Í 7. kafla var fjallað um auðvelt aðgengi árásarmanna að skotvopnum. Flestir skotárásarmannana tóku skotvopnin í leyfisleysi á heimili sínu eða frá öðrum fjölskyldumeðlimum. Aðrir höfðu keypt skotvopnin sjálfir fyrir árásina eða látið kaupa þau fyrir sig. Finnski skotárásarmaðurinn Pekka-Eric keypti til dæmis sína byssu aðeins fimm dögum fyrir árásina í Jokela. Rannsóknir hafa sýnt að þriðjungur barna í Bandaríkjunum búa á heimili þar sem skotvopn eru til staðar. Helmingur svarenda í rannsókn frá árinu 1998 sögðust eiga í litlum vandræðum með að verða sér út um skotvopn. Ennfremur fundu Altheimer og Boswell (2012) jákvæða fylgni milli aðgengis að skotvopnum og morðtíðni í fjórtán vestrænum löndum.

Umræðan um skotvopnalöggjöfina kemur gjarnan upp á yfirborðið í kjölfar skotárása í skólum. Hún samanstendur af mismunandi sjónarmiðum tveggja ólíkra hópa. Talsmenn hertra skotvopnalaga hafa barist fyrir banni á ýmsum tegundum skotvopna eins og sjálfvirkum árásarrifflum. Talsmenn frjálslýndra skotvopnalaga í Bandaríkjunum telja hins vegar lagabönn ganga nærri almenningi. Þeir telja það stjórnarskrárvarinn rétt sinn að eiga og bera skotvopn. Fulltrúadeildarþingmaðurinn Louie Gohmert sagði í viðtali í lok árs 2012 að vopna þyrfti skólustarfsfólk til að koma í veg fyrir skotárásir í skólum. Wayne LaPierre, varaforseti bandarísku skotvopnasamtakanna tók í sama streng og benti á að flestar aðrar stofnanir væru verndaðar af vopnuðum vörðum.

Í ljós hefur komið að árásarmennirnir hafi tilhneigingu til þess að vera hvítir millistéttar karlmenn. Árásirnar virðast einnig helst eiga sér stað í skólum sem staðsettir eru í

úthverfum og í dreifbýli sem almennt séð einkennast af lágri glæpatíðni. Til þess að svara því hvort tíðar skotárásir í Bandaríkjunum séu afsprengi frjálsrar skotvopnalöggjafar verður að huga að nokkrum atriðum. Eins og Verlinden o.fl. (2000) bentu á, er ekki hægt að búa til eina staðalímynd fyrir skotárásarmenn. Það sama á við þegar skotárásir eru útskýrðar. Ekki er hægt að benda á einn þátt til að útskýrir skotárásir. Í raun virðast þær vera afsprengi margra þátta sem spila saman. Til að byrja með má benda á íbúafjölda Bandaríkjanna, þar sem ríflega 300 milljónir manna búa á meðan Kanadamenn eru rétt um 35 milljónir. Þessi munur á fjölda íbúa skýrir að hluta af hverju skotárásir eru tíðari í Bandaríkjunum.

Í öðru lagi eru skotvopnalögin í Bandaríkjunum öllu frjálslyndari en skotvopnalög samanburðarlandanna. Það virðist vera auðveldara að kaupa byssu í Bandaríkjunum og skammbyssur eru ekki á bannlista þar eins og í samanburðarlöndunum. Í þriðja lagi hefur verið bent á ýmsa þætti sem virðast einnig vera mikilvægir til þess að skotárás geti átt sér stað. Margir skotárásamannana voru til dæmis lagðir í einelti og áttu við ýmis sálfélagslega erfiðleika að stríða. Poppmenning gegndi einnig hlutverki í skotárásunum. Árásarmennirnir spiluðu tölvuleiki, notuðu internetið til að afla sér upplýsinga og voru undir áhrifum tónlistar og kvikmynda. Ennfremur höfðu áhrif frá fjölmiðlum og eftirhermuáhrifin sitt að segja þegar litið er á samhljóm milli skotárása í Finnlandi og Bandaríkjunum. Þá er aðgengi að skotvopnum einnig mikilvægur þáttur því að án skotvopna verður engin skotárás.

Þessir þættir einskorðast þó ekki við Bandaríkin. Einelti, andleg vanheilsa, fjölmiðlar, poppmenning og aðgengi að skotvopnum eru til staðar á Íslandi og þess vegna ekkert því til fyrirstöðu að skotárás geti átt sér stað hér á landi. Ísland skortir þó skotvopnamenningu líkt og þá sem fyrirfinnst í Bandaríkjunum. Að mínu mati er skotvopnamenningin lykilatriði þegar kemur að því að útskýra muninn á tíðni skotárása í Bandaríkjunum og annars staðar. Samkvæmt bandarísku stjórnarskránni eiga allir borgarar rétt á að eiga og bera skotvopn. Í samanburðarlöndunum þremur, Kanada, Bretlandi og á Íslandi er enginn slíkur réttur til staðar. Þar eru skotvopn álitin vera fyrst og fremst hentug til veiða og íþróttaiðkunar en í Bandaríkjunum er meðal annars litið á skotvopn sem vopn til sjálfsvarnar.

Á meðan fjöldi skotvopna í Bandaríkjunum er svona mikill er erfitt að ímynda sér að hertari skotvopnalöggjöf komi í veg fyrir skotárásir í skólum. Að auki er erfitt að meta hvort lögin hefðu áhrif því að skotárásir í skólum eru fátíðar samhliða öðrum glæpum og því erfitt að mæla þau. Kanada og Bretland hafa tekið upp hertari skotvopnalöggjöf í kjölfar skotárása þar sem bönn eru sett á skammbyssur og árásarrifla. Bandaríkin virðast vera að fara sömu leið ef marka má ný lög í New York, Colorado og Connecticut í kjölfar skotárásar Adam Lanza í Connecticut árið 2012. Barack Obama Bandaríkjaforseti lagði fram tillögur um að

herða bakgrunnseftirlit og banna ýmis vopn í lok árs 2012. Sér í lagi árásarvopn líkt og Adam Lanza notaði. Tillögurnar voru hins vegar felldar en í kjölfarið hertu einstök ríki sín lög. Bann á árásarvopnum er þó ekki í takti við afdrifaríkustu skotárásir síðustu ára sem voru skoðaðar í kafla 4. Þar voru hálfsjálfvirkir árásarrifflar aðeins notaðir í fjórum árásum af tólf en skammbyssur voru notaðar í níu árásum. Oftast voru fleiri en ein skammbyssu notuð til þess að árásarmaðurinn gæti valdið sem mestum skaða. Það væri því líklegra til árangurs að setja bann á skammbyssur í Bandaríkjunum.

Slík lög er þó ekki líkleg til þess að komast í gildi á meðan bandarísku skotvopnasamtökin eru jafn sterk og þau eru. Í stað þess að fækka vopnum með ýmsum bönnum vilja talsmenn frjálsrar skotvopnalöggjafar fjölga vopnuðu fólki í samfélaginu. Það verður að teljast óraunverulegt að ímynda sér hvernig bandarískt skólasamfélag væri samkvæmt hugmyndum Louie Gohmert og Wayne LaPierre. Grunnskólar væru umkringdir vopnuðum vörðum og starfsfólk skólans vopnað hálfsjálfvirkum árásarrifflum. Hvaða skilaboð myndi sú mynd til nemendanna?

Þó svo að hugmyndir talsmanna bandarísku skotvopnasamtakanna séu oft á tíðum framandi fyrir saklausan Íslending, er hægt að vera sammála þeim um að hert skotvopnalöggjöf í kjölfar skotárása sé ekki lausnin. Herðing hennar gæti verið hluti lausnarinnar en staðreyndin er sú að skotárásir í skólum eru flókið fyrirbæri sem krefst lagfæringa á fleiri stöðum í samfélaginu. Bandaríkin þyrftu að skoða sig í samhengi við aðrar þjóðir á samfélags- og menningarlegan máta.

Það verður fróðlegt að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Hvernig munu Bandaríkin takast á við skotárásir í skólum, ef rétt reynist að hert löggjöf hafi ekki þau áhrif sem lagt er upp með? Gætu óskir Louie Gohmert og Wayne LaPierre ræst um vopnaða skóla? Einnig væri áhugavert væri að skoða

## 10. Heimildaskrá

- Altheimer, I. og Boswell, M. (2012). Reassessing the association between gun availability and homicide at the cross-national level [rafræn útgáfa]. *American Journal of Criminal Justice*. 37, 682-704.
- Armstrong, S. (2010). *Federal firearms laws*. Sótt 24. apríl 2013 af [http://www.fedcoplaw.com/html/federal\\_firearms\\_laws.html](http://www.fedcoplaw.com/html/federal_firearms_laws.html)
- Baker, P. og Shear, M. D. (2013). Obama to „put everything I’ve got“ into gun control. *New York Times*. Sótt 25. apríl 2013 af [http://www.nytimes.com/2013/01/17/us/politics/obama-to-ask-congress-to-toughen-gun-laws.html?pagewanted=all&\\_r=0](http://www.nytimes.com/2013/01/17/us/politics/obama-to-ask-congress-to-toughen-gun-laws.html?pagewanted=all&_r=0)
- Bandura, A. (1977). *Social learning theory*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice Hall.
- BBC News (2009, 12. mars). Profile: Tim Kretschmer. *BBC News*. Sótt 2. maí 2013 af <http://news.bbc.co.uk/2/hi/europe/7939206.stm>
- Beaver, K. M. og Walsh, A. (2011). Biosocial criminology. *Ashgate Research Companion*. Sótt 5. maí af [http://www.ashgate.com/pdf/SamplePages/Ashgate\\_Research\\_Companion\\_to\\_Biosocial\\_Theories\\_of\\_Crime\\_Intro.pdf](http://www.ashgate.com/pdf/SamplePages/Ashgate_Research_Companion_to_Biosocial_Theories_of_Crime_Intro.pdf)
- Brady Campaign (2013). *Brady background checks*. Sótt 25. febrúar af <http://www.bradycampaign.org/?q=jim-and-sarah-brady>
- CBC News (2006). Montreal gunman called himself „angel of death“. *CBCNews Canada*. Sótt 19. apríl af <http://www.cbc.ca/news/canada/story/2006/09/14/gunman-shooting.html>
- CBC News (2012, 14. desember). 20 children among dead in Connecticut school massacre. *CBC News*. Sótt 16. febrúar af <http://www.cbc.ca/news/world/story/2012/12/14/connecticut-school-shooting.html>
- Chu, S. V. (2013). *Federal assault weapons ban: legal issues*. CRS report for congress. Sótt 26. febrúar af [fpc.state.gov/documents/organization/205203.pdf](http://fpc.state.gov/documents/organization/205203.pdf)
- CNN (2002). Brave teacher stopped gun rampage. *CNN*. Sótt 19. apríl af <http://archives.cnn.com/2002/WORLD/europe/04/27/germany.shooting/>
- Coleman, L. (2004). The copycat effect. *School Shootings and Recommendation*. Sótt 23. apríl af [http://www.riskinstitute.org/peri/images/file/Coleman\\_Copycateffect.pdf](http://www.riskinstitute.org/peri/images/file/Coleman_Copycateffect.pdf)
- Conley, D. og Bennett, N. (2000). Is biology destiny? Birth weight and life chances. *American Sociological Review*. 65, 458-467. Sótt 5. maí af <http://www.asanet.org/images/members/docs/pdf/featured/conley.pdf>
- Cukier, W. og Sheptycki, J. (2012). Globalization of gun culture: transnational reflections on pistolization and masculinity, flows and resistance [rafræn útgáfa]. *International Journal of Law, Crime and Justice*. 40, 3-19.
- De Venanzi, A. (2012). School shootings in the usa: popular culture as risk, teen marginality, and violence against peers [rafræn útgáfa]. *Crime, Media, Culture*. 8, 261-278.



- Dietrich, H. L. (2008). *Victimology: An Emphasis on the Lifestyle-Exposure Theory and the Victim Precipitation Theory as it Applies to Violent Crime*. Sótt 24. apríl af [http://www.dsc-forensics.com/uploads/Victim\\_Precipitation\\_Paper\\_for\\_Website.pdf](http://www.dsc-forensics.com/uploads/Victim_Precipitation_Paper_for_Website.pdf)
- Eyjan (2012a). Samtök skotvopnaeigenda rjúfa þögnina eftir Newtown: kenna poppmenningu um. *Pressan*. Sótt 25. apríl af <http://eyjan.pressan.is/frettir/2012/12/21/samtok-skotvopnaeigenda-rjufa-thognina-eftr-newtown-kenna-poppmenningu-um/>
- Eyjan (2012b). Þingmaður á bandaríkjaþingi: réttu viðbrögðin eru þau að fleiri gangi vopnaðir byssum. *Pressan*. Sótt 4. maí af <http://eyjan.pressan.is/frettir/2012/12/16/thingmadur-a-bandarikjathingi-rettu-vidbrogdin-eru-thau-ad-fleiri-gangi-vopnadir-byssym/>
- Eyjan (2013). Skotvopnaeigendur blása til sóknar: blanda börnum forsetans í deiluna – myndband. *Pressan*. Sótt 4. maí af <http://eyjan.pressan.is/frettir/2013/01/16/skotvopnaeigendur-blasa-til-soknar-blanda-bornum-forsetans-i-deiluna-myndband/>
- Frosch, D. og Johnson, K. (2012, 20. júlí). Gunman kills 12 in Colorado, reviving gun debate. *New York Times*. Sótt 11. mars af <http://www.nytimes.com/2012/07/21/us/shooting-at-colorado-theater-showing-batman-movie.html?ref=jamesholmes>
- Grenny, J. (2012). The media is an accomplice in school shootings. *Psychology Today*. Sótt 23. apríl af <http://www.psychologytoday.com/blog/crucial-conversations/201204/the-media-is-accomplice-in-school-shootings>
- Gunpolicy (2013a). *United States – gun facts, figures and the law*. Sótt 24. apríl af <http://www.gunpolicy.org/firearms/region/united-states>
- Gunpolicy (2013b). *United Kingdom – gun facts, figures and the law*. Sótt 26. apríl af <http://www.gunpolicy.org/firearms/region/united-kingdom>
- Harding, J. D., Fox, C. og Mehta, D. J. (2002). Studying rare events through qualitative case studies: lessons from a study of rampage school shootings [rafræn útgáfa]. *Sociological Methods & Research*. 31(2), 147-217.
- Hawdon, J., Oksanen, A., Rasanen, P. og Ryan, J. (2012). School shootings and local communities: an international comparison between the United State and Finland. *University of Turku, Department of Social Research*. Sótt 18. febrúar af <http://www.utu.fi/en/units/soc/units/econsoc/Documents/SchoolShootings.pdf>
- Hepburn, M. L. og Hemenway, D. (2004). Firearm availability and homicide: a review of the literature [rafræn útgáfa]. *Aggression and Violent Behaviour*. 9, 417-440.
- Hirschi, T. (1969). *Causes of delinquency*. Berkeley: University of California Press.
- Hong, S. J., Cho, H., Allen-Meares, P. og Espelage, L. D. (2011). The social ecology of the columbine high school shootings [rafræn útgáfa]. *Children and Youth Services Review*. 33, 861-868.
- Hoskin, W. A. (2001). Armed americans: the impact of firearm availability on national homicide rates [rafræn útgáfa]. *Justice Quarterly*. 18, 569-592.
- Ívar Pálsson (2013). Vopnalög. *Umhverfisstofnun*. Sótt 4. maí af <http://www.veidikort.is/?p=41>

- Jensen, G. F. (2003). Social control theories. *Encyclopedia of Criminology*. Richard A. Wright [Ritstjóri]. Fitzroy Dearborn Publishers. Sótt 20. apríl af <http://sitemason.vanderbilt.edu/files/1/13Bguk/soccon.pdf>
- Jensen, G. F. (2007). Social learning and violent behavior. *The Cambridge Handbook of Violent Behavior*. David Flannery, Alexander Vazonsyi og Irwin Waldman [Ritstjórar]. New York: Cambridge University Press.
- Kahan, D. M. (2003). The gun control debate: a culture-theory manifesto [rafræn útgáfa]. *Washington and Lee Law Review*. 60, 3-12.
- Kiilakoski, T. og Oksanen, A. (2011a). Cultural and peer influences on homicidal violence: a finnish perspective [rafræn útgáfa]. *New Directions for Youth Development*. 33, 31-42.
- Kiilakoski, T. og Oksanen, A. (2011b). Soundtrack of the school shootings: cultural script, music and male rage [rafræn útgáfa]. *Young*. 19(3), 247-269.
- Kimmel, M. S. og Mahler, M. (2003). Adolescent masculinity, homophobia and violence [rafræn útgáfa]. *American Behavioral Scientist*. 46(10), 1439-1458.
- Kleck, G. (2009). Mass shootings in schools: the worst possible case for gun control [rafræn útgáfa]. *American Behavioral Scientist*. 52(10), 1447-1464.
- Kleck, G., Gertz, M. og Bratton, J. (2009). Why do people support gun control?: alternative explanations of support for handgun bans [rafræn útgáfa]. *Journal of Criminal Justice*. 37, 496-504.
- Kopel, D. B. (1991). Canadian gun control: should the United States look north for a solution to its firearms problem?. *Temple International and Comparative Law Journal*. Sótt 25. apríl af <http://www.guncite.com/journals/dkcg.html>
- LaFollette, H. (2000). Gun control. *Ethics*. 110, 263-281. Sótt 3. mars af <http://www.hughlafollette.com/papers/gun.control.pdf>
- Langman, P. (2009). *Why kids kill: inside the minds of school shooters*. New York, NY: Palgrave, McMillan.
- Langman, P. (2012a). *School shooters: nine brief sketches*. Sótt 18. apríl af <http://www.schoolshooters.info/PL/Articles.html>
- Langman, P. (2012b). *Two finnish school shooters*. Sótt 19. apríl af [http://www.schoolshooters.info/PL/Home\\_files/Two%20Finnish%20School%20Shooters.pdf](http://www.schoolshooters.info/PL/Home_files/Two%20Finnish%20School%20Shooters.pdf)
- Larkin, R. W. (2009). The columbine legacy: rampage shootings as political acts [rafræn útgáfa]. *American Behavioral Scientist*. 52(9), 1309-1326.
- Lew, P. og Kleiner, B. H. (2001). Implications of concealed-gun laws for business [rafræn útgáfa]. *Managerial Law*. 43, 122-127.
- Mibazaar (2012). *Recent worldwide school shootings*. Sótt 25. apríl af <http://www.mibazaar.com/schoolshootings/>

- MMR (2013, 24. janúar). *Fimmtungur gerir litlar eða engar ráðstafanir varðandi geymslu skotvopna*. Sótt 18. apríl af <http://mmr.is/frettir/birtar-nieurstoeeur/288-fimmtungur-gerir-litlar-edha-engar-radstafanir-varðhandi-geymslu-skotvopna>
- Moore, M. (leikstjóri), Donovan, M. og Bishop C. (framleiðendur). (2002). *Bowling for Columbine* [Kvikmynd]. USA: Alliance Atlantis Communications.
- Morgan, P. (2012). Deport me? if america won't change its crazy gun laws... I may deport myself says piers morgan. *Daily Mail*. Sótt 18. apríl af <http://www.dailymail.co.uk/news/article-2254758/Piers-Morgan-Deport-If-America-wont-change-crazy-gun-laws-I-deport-myself.html>
- Murray, J. P. (2008). Media violence: the effects are both real and strong. *American Behavioral Scientist*. 51(8), 1212-1230.
- Newman, K. og Fox, C. (2009). Repeat tragedy: rampage school shootings in american high school and college settings, 2002-2008 [rafræn útgáfa]. *American Behavioral Scientist*. 52(9), 1286-1308.
- Newman, K., Fox, C., Roth, W., Mehta, J. og Harding, D. (2004). *Rampage: the social roots of school shootings*. New York: Basic Books
- O'Leary, M. E. (2013). Connecticut gun law: breakdown of when new rules go into effect. *New Haven Register*. Sótt 27. apríl af <http://www.nhregister.com/articles/2013/04/07/news/doc5160db865734f314609716.txt?viewmode=default>
- O'Toole, M. E. (2001). The school shooter: a threat assessment perspective. *National Center for the Analysis of Violent Crime (NCAVC)*. Sótt 23. apríl af <http://www.fbi.gov/stats-services/publications/school-shooter>
- Olson, J. E. og Kopel, D. B. (1999). All the way down the slippery slope: gun prohibition in england and some lessons for civil liberties in america [rafræn útgáfa]. *Hamline Law Review*. 22, 399-465.
- Pierce, G., Braga, A., Wintemute, G. og Dolliver, M. (2013). New approaches to understanding and regulating primary and secondary illegal firearms. *U.S Department of Justice*. Sótt 27. febrúar af <https://www.ncjrs.gov/pdffiles1/nij/grants/241021.pdf>
- Pittaro, M. L. (2007). School violence and social control theory: an evaluation of the columbine massacre [rafræn útgáfa]. *International Journal of Criminal Justice Sciences*. 2(1), 1-12.
- Pratt, T. C., Gau, J. M. og Franklin, T. W. (2011). *Key ideas in criminology and criminal justice*. Sótt 20. apríl af [http://www.sagepub.com/upm-data/36812\\_5.pdf](http://www.sagepub.com/upm-data/36812_5.pdf)
- RCMP (2013). *Highlights of canada's firearms laws*. Royal Canadian Mounted Police. Sótt 25. apríl af <http://www.rcmp-grc.gc.ca/cfp-pcaf/pol-leg/hl-fs-eng.htm>
- Reglugerð um skotvopn, skotfæri o.fl. nr. 787/1998.
- Reich, K., Culross, P. L. og Behrman, R. E. (2002). Children, youth and gun violence: analysis and recommendations [rafræn útgáfa]. *The Future of Children*. 12, 4-23.

- Rocque, M. (2012). Exploring school sampie shootings: research, theory and policy [rafræn útgáfa]. *The Social Science Journal*. 49, 304-313.
- Rúv (2013a). *Felldu frumvarp um breytt skotvopnalög*. Ríkisútvarpið. Sótt 25. apríl af <http://www.ruv.is/frett/felldu-frumvarp-um-breytt-skotvopnalog>
- Rúv (2013b). Byssulög hert í connecticut. Sótt 26. apríl af <http://www.ruv.is/frett/byssulog-hert-i-connecticut>
- Siegel, L. (2009). *Criminology* (10. útgáfa). Belmont, CA: Thomson/Wadsworth.
- Small arms survey (2007). *The largest civilian firearms arsenals for 178 countries*. Sótt 18. apríl af <http://www.smallarmssurvey.org/fileadmin/docs/A-Yearbook/2007/en/Small-Arms-Survey-2007-Chapter-02-annexe-4-EN.pdf>
- Smartgunlaws (2013). *Licensing of gun owners & purchasers policy summary*. Sótt 24. apríl af <http://smartgunlaws.org/licensing-of-gun-owners-purchasers-policy-summary/>
- Stell, L. K. (2004). The production of criminal violence in america: is strict gun control the solution? [rafræn útgáfa]. *The Journal of Law, Medicine & Ethics*. 32, 38-46.
- Sumner, S. A., Layde, P. M. og Guse, C. E. (2008). Firearm death rates and association with level of firearm purchase background check [rafræn útgáfa]. *American Journal of Preventive Medicine*. 35., 1-6.
- Pórunn E. Bogadóttir (2013, 18. janúar). Ólíklegt að bannið ná fram að ganga. *Fréttablaðið*. 15(13), 10.
- Utter, G. H. og True, J. L. (2000). The evolving gun culture in america [rafræn útgáfa]. *Journal of American and Comparative Cultures*. 23, 67-79.
- Verlinden, S., Hersen, M. og Thomas, J. (2000). Risk factors in school shootings [rafræn útgáfa]. *Clinical Psychology Review*. 20, 3-56.
- Virginia tech review panel (2007). *Mass shootings at virginia tech*. Sótt 26. febrúar af <http://www.governor.virginia.gov/TempContent/techPanelReport.cfm>
- Washington Post (2012). Remarks from the NRA press conference on sandy hook school shooting, delivered on dec. *Washington Post*. Sótt 17. apríl af [http://articles.washingtonpost.com/2012-12-21/politics/36018141\\_1\\_mayhem-with-minimum-risk-nra-wayne-lapierre](http://articles.washingtonpost.com/2012-12-21/politics/36018141_1_mayhem-with-minimum-risk-nra-wayne-lapierre)
- Wike, T. L. og Fraser, M. W. (2007). School shootings: making sense of the senseless [rafræn útgáfa]. *Aggression and Violent Behavior*. 14, 162-169.
- Wilcox, P. (2010). Theories of victimization. *Encyclopedia of Victimology and Crime Prevention*. Bonnie F. S. og Steven L. P. [Ritstjórar]. Sage Publications Inc.
- Wilkinson, P. (2013). Dunblane: how uk school massacre led to tighter gun control. *CNN*. Sótt 19. apríl af <http://edition.cnn.com/2012/12/17/world/europe/dunblane-lessons>
- Wilson, E. O. (1975). *Sociobiology: the new synthesis*. Cambridge, MA: Belknap Press of Harvard University Press.

Wnyc (2012, 14. desember). Share your thoughts: Connecticut school shootings. *New York Public Radio*. Sótt 17. apríl af <http://www.wnyc.org/blogs/wnyc-news-blog/2012/dec/14/share-your-thoughts-connecticut-school-shooting/>

Zimring, F. E. (1975). Firearms and federal law: the gun control act of 1968 [rafræn útgáfa]. *Journal of Legal Studies*. 4, 133-198.

Zimring, F. E. (2004). Firearms, violence, and the potential impact of firearms control [rafræn útgáfa]. *The Journal of Law, Medicine & Ethics*. 32, 34-37.